

Diskórottningin og slátrarin rökstólar 12



Skrímslasmiðja krakkar 28



spottið 10



FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

4. ágúst 2012
182. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt reitmiðlökunum Cescent Gallup júlí - mars 2012



Metnaðarfull markmið
Bruggmeistarinn í Ölvis-
holtí stefnir að því að búa
til besta bjór í heimi.
viðskipti 18



Friðrik skiptir um gír
Nýtt lag Friðriks Dórs er
ólíkt öðru sem frá honum
hefur komið hingað til.
popp 42

Sterar og slagsmál

Umdeildu atvikin á
Ólympíuleikumum.

íþróttir 16

2 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Fólk | Atvinna



STEMNING Í EYJUM

Veðrið lék við þjóðhátíðargesti í gær en allt bendir til þess að hátíðin í ár verði sú næstfjölmennasta frá upphafi. Það verður vafalaust mikil stemning í dalnum í kvöld þegar haldin verður vegleg flugeldasýning og á morgun þegar gestir munu kyrra sönglög í brekkunni. Þjóðhátíðin hefur verið haldin í Vestmannaeyjum frá árinu 1920 og undanfarin ár hefur hún verið fjölmennasta útihátíð landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

Efast um þátttöku Akureyrar

Vaxandi efasemdir eru um þátttöku Akureyrarbæjar í verkefni á Grímsstöðum. Fulltrúar minnihlutans vilja að bærinn dragi sig úr verkefninu. Bærinn hefur ekki skuldbundið sig segir formaður bæjarráðs.

SKIPULAGSMÁL Fulltrúar minnihlutans í bærarstjórn Akureyrar telja að endurskoða eigi þátttöku bæjarins í GÁF, félagi sveitarfélaga á Norðausturlandi um kaup á Grímsstöðum á Fjöllum og leigu til kínverska fjárfestisins Huangs Nubo. Málið var á dagskrá bæjarráðs á fimmtudag, en frestað þar til drög að samningi liggja fyrir. Edward Huijbens, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála, hefur miklar efasemdir um trúverðuleika fjárfestingaráforma varðandi verkefnið og

hvert markmiðið sé með þátttöku Akureyrarbæjar í GÁF. Edward er varabæjarfulltrúi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs á Akureyri.

„Ég biðla til meirihlutans að gera sér vandlega grein fyrir hvaða hagsmuni bærinn telur sig vera að verja með þátttöku í uppbyggingu á Grímsstöðum á Fjöllum. Eg hef sannarlega áhyggjur af því að bærinn muni fara mikla sneypuför í þessu verkefni og mundi vilja að Akureyrarbær drægi sig út úr GÁF.“

Halla Björk Reynisdóttir, formaður bæjarráðs, segir bæinn ekki hafa skuldbundið sig til þátttöku í verkefninu. Málið hafi verið kynnt á fundi bæjarráðs á fimmtudag og drög að samningi verði kynnt þar áður en skrifað verður undir. Ekkert hafi þó gerst sem kalli á það að bærinn dragi sig út úr ferlinu.

„Það er ekki búið að samþykkja neitt. Alveg eins og ráðherra hefur sagt, það er ekkert endanlegt í þessu, þetta er bara enn þá í vinnslu.“

Njáll Trausti Friðbertsson, vara-bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir fjölda spurninga enn ósvarað í málinu. Flokkurinn greiddi atkvæði gegn þátttöku bæjarfélagsins í GÁF og Njáll Trausti segir að álitamálum hafi fjölgað síðan þá.

„Mér finnst vera mjög til skoðunar að bærinn dragi sig úr verkefninu. Það þarf að velja því fyrir sér hverjir eru raunverulegir hagsmunir Akureyrar í þessu máli, af hverju við eigum að standa í þessu.“ - kóp / sjá síðu 6

MYNDAVÉLATILBOÐ Panasonic ideas for life

TILBOÐ 79.990
FULLT VERÐ kr. 109.990

ADOBE LIGHTROOM 3 AÐ VERÐMÆTI 20.000 FYLGIR.

Panasonic DMCGF3C

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTAÆKJAVERSLUN • SIÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • sm.is

Opið 10-18 í dag Kringlan

ÚTSALA

Lokadagur
Götumarkaður og ótrúlegt verð!

Götu markaður
Lokadagur

Opið til 18 í dag

Smáralind



Haukur, eiga Rússar ekki hauk í horni?

„Jú, jú og fréttahauk og ekkrifréttamann.“

Haukur Hauksson stjórnmálafræðingur hefur búið í Rússlandi í meira en tvo áratugi. Hann ræddi um afstöðu Rússa í Sýrlandsdeilunni í Fréttablaðinu í gær.



KÖTTUR Töluvert meiri líkur eru á að þessi kisi heiti Simbi en Síld, en 121 köttur ber fyrra nafnið en aðeins einn hið síðara.

Megas, Síld og Tígri:

Simbi vinsælasta kattarheitið

DÝRAHALD Kattaeigendur eru gjarnan frumlegir í nafngiftum á gæludýrin sín, en gömul og gegn kattanoöfn eru enn vinsæl. Simbi er vinsælasta kattarheitið á Íslandi, en upplýsingar um nöfn katta má finna á dyraudkenni.is. Alls heitir 121 köttur á Íslandi Simbi.

Keli, Brandur, Snúður, Snotta, Þjakkur, Moli, Perla, Skuggi og Tumi eru hin nöfnin á lista yfir tíu vinsælustu kattarnöfnin. Þá eru margir hrifnir af einfaldleikanum og 68 Kisar og 62 Kisur eru til hér á landi. Snældur er ekki jafn vinsæl og bróðir hennar Snúður, en þó útbreiddara heiti en Nala, Branda og Tígri. Fimm íslenskir kettir bera nafnið Megas með sóma, en aðeins einn Síld.

- kóp

BRETLAND

Hjón myrtu dóttur sína

Bresk hjón voru í gær dæmd í lífs-tíðarfangelsi fyrir að hafa myrt sautján ára dóttur sína. Foreldrarinn neituðu sök en sannað þótti að um svokallað heidursmorð hafi verið að ræða. Dómarinn sagði foreldrana hafa skammast sín fyrir hegðun dóttur sinnar og sú skómm hafi orðið ást þeirra á dóttur sinni yfirsterkari.

Lögreglu tilkynnt um eldri mann sem lokkaði börn af skólalóð með rabarbara:

Bað stúlkubörn um að kyssa sig

LÖGREGLUMÁL Maður á sjötugsaldri lokkaði tvær sjö ára telpur á bak við íþróttahúsið Kórinn í Kópavogi í fyrradag og reyndi að fá þær til að kyssa sig. Þetta er fullt í dreifibréfi sem nú gengur á netinu þar sem varað er við mannum.

Varðstjóri lögreglunnar í Kópavogi segist kannast við málið og það sé í rannsókn. Það hafi verið tilkynnt lögreglu á fimmtudagskvöld. Hann vildi ekki tjá sig frekar um það.

Að því er fram kemur í dreifibréfinu lokkaði maðurinn telpurnar af skólalóðinni við



KÓRINN Maðurinn er sagður hafa verið gráhæður með derhúfu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hörðuvallaskóla og að Kórnum með því að segjast ætla að gefa stúlkunum rabarbara. Þar segir einnig að maðurinn hafi verið á

sveimi í kringum krakkana á skólavellinum og hafi fylgst með þeim.

Á bak við Kórinn hafi hann beðið telpurnar að knúsa sig og kyssa og sagt þeim að þetta ætti að vera leyndarmálið þeirra þriggja.

Manninum er lýst þannig að hann sé á sjötugsaldri, gráhæður og að á fimmtudaginn hafi verið hann verið klæddur í röndóttu peysu og með hvíta derhúfu sem á hafi staðið G3. Hann hafi fengið stúlkurnar til að treysta sér með því að segja þeim ýmislegt persónulegt um sig.

- sh

Lögregla höfuðborgarsvæðis:

Kynferðisbrot um fjölgaði

LÖGREGLUMÁL Alls voru áttatíu nauðganir til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu á síðasta ári. Þá tók embættið til rannsóknar sextíu kynferðisbrot sem beindust gegn börnum. Fjölgaði málum sem þessum milli ára.

Þetta kemur fram í ársskýrslu embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem kom út í vikunni. Þá kemur fram í skýrslunni að brotonum verði vart lýst öðruvísi en víðurstyggilegum en í sumum tilfellum voru gerendur fleiri en einn.

- mpj

„Frekar grillað“ að fara í strætó til Eyja

Strætó fjölgaði aukaferðum að Landeyjahöfn í gær og fer fleiri aukaferðir frá Landeyjum á mánudag. Ferðirnar eru vel sóttar, segir þjónustufulltrúi Strætó. Allir hlökkudu mikið til Þjóðhátíðar þegar lagt var í hann frá Mjóddinni.

VERSLUNARMANNAHELGI Strætó fór fjórar aukaferðir austur að Landeyjahöfn með þjóðhátíðargesti á leið í Herjólf í gær. Samkvæmt upplýsingum frá Strætó hafa ferðirnar verið almennt vel sóttar og fullt hefur verið í nokkrar.

Leið 52 ekur milli Reykjavíkur og Landeyjahafnar dag hvern en Strætó hefur fjölgað ferðum í takt við fjölgun ferða Herjólf til Vestmannaeyja.

„Það hafa verið um það bil þrjátíu manns í hverri ferð, sýnist mér,“ segir Hilmir Kolbeins, þjónustufulltrúi hjá Strætó. Hann segir fleiri hafa verið með í gær en daginn áður. „Við erum ekki með aukaferðir í dag heldur öllum við bara eftir áttun.“

Ungmennum, sem voru á leið til Vestmannaeyja, leist vel á fararskjótann en fannst það skjóta skökku við að fara í strætó á Þjóðhátíð í Eyjum. „Það er alveg frekar grillað en ég held að það verði mjög mikil stemning,“ sagði Melkorka Kormáksdóttir, sautján ára, sem sat í strætóskýli í Mjóddinni, ásamt vinkonu sinni Berglindi Björk Kristjánsdóttur, áður en vagninn fór. Þær eru að fara á Þjóðhátíð í fyrsta sinn og hlakka mjög mikið til enda hátíðin margrómuð meðal íslenskra ungmenna sem eitt skemmtilegasta djamm sumarsins.

„Við höfum ekki farið í strætó til Eyja áður,“ sagði hinn tvítugi Bjarki Björgvinsson, en hann og ferðafélagar hans, þau Ísold Antonsdóttir, Almar Þorleifsson og Arnar Már Kjartansson, ætla að fá að tjalda í garði hjá fúsum heimamanni. Ísold verður í íbúð með vinkonum sínum sem þær hafa leigt.

birgirh@frettabladid.is



VEL HLADIN VEIGUM Þau Ísold, Almar, Arnar Már og Bjarki ætla að skemmta sér konunglega í Eyjum um helgina og hlökkudu mikið til þegar þau stigu um borð í strætisvagninn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég veit eiginlega ekki af hverju ég er að gista í íbúð því maður á eftir að vera bara í dalnum,“ sagði Ísold. „Það vill enginn geyma dótið sitt þar en það vilja allir vera þar.“

Strætó mun aka nokkrar aukaferðir frá Landeyjahöfn á mánudag og þriðjudag. Hilmir hvetur þá ferðalanga sem hafa hug á að ferðast með Strætó frá Landeyjum á mánudag að panta sér miða því sætin séu nú þegar eftirsótt. „Við erum nú þegar búið að bæta við einum aukavagni og það er spurning hversu mörgum við getum bætt við til viðbótar,“ segir Hilmir.



SKRÝTIÐ AÐ FARA Í STRÆTÓ Þær Melkorka og Berglind Björk biðu spennar í strætóskýlinu eftir að vagninn færi af stað.

Með fölsuð skilríki í Leifsstöð:

Útlendingur í gæsluvarðhald

LÖGREGLUMÁL Hæstiréttur dæmdi í gær mann sem segist vera tæplega fertugur nígerískur ríkisborgari í gæsluvarðhald til 8. ágúst. Hann var stöðvaður í Leifsstöð síðasta miðvikudag, og reyndist ekki hafa önnur skilríki en nígerískt ökuskírteini.

Maðurinn kom til landsins með flugvél frá Ítalíu. Hann sagðist hafa eyðilagt vegabréf sitt. Það reyndist rangt því falsað vegabréf útlendingis frá Ítalíu fannst um borð í flugvélinni.

Lögregla telur sig hafa rökstuddan grun um að maðurinn segi rangt til nafns. Því krafðist hún gæsluvarðhalds yfir manningum á meðan uppruni hans verður rannsakaður.

- bj

Rós í hnappagat Ölvisholts:

Lava valinn besti bjórinn

VÍÐSKIPTI Lava, Imperial Stout frá Brugghúsinu í Ölvisholti, var á dögnum valinn besti bjórinn í flokki reykra bjórtegunda á Opna bandaríska bjórmótinu. Jón Elías Gunnlaugsson, bruggmeistari og framkvæmdastjóri í Ölvisholti, er að vonum ánægður með viðurkenninguna. „Þetta kemur Ölvisholti á kortið meðal fremstu brugghúsa í veröldinni,“ segir hann.

Mörg hundruð brugghús alls staðar að úr heiminum taka þátt í keppninni árlega, en í heild voru um 1650 bjórtegundir sendar inn í keppnina nú.

- hhs / sjá síðu 18



FULLKOMINN FERÐAFÉLAGI!



www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Bændur og fræðimenn skála í Bjórsetri Íslands á Hólum í Hjaltadal:

Vilja brugga biskupabjóra

MANNLÍF Árið 2007 var Bjórsetur Íslands sett á laggirnar á Hólum í Hjaltadal og síðan þá hefur starfsemi þess vaxið fiskur um hrygg. Nú er setrið komið með vinnulegaleysi og bruggleifi og oft er fjölmennt á vikulegum samfundum á barnum sem hefur verið komið fyrir í húsnæði sem áður var íbúð fjósamannsins á Hólum.

Bjórinn sem bruggaður er á Hólum kallast Vesturfari en Bjarni Kristófer Kristjánsson, formaður setursins, segir að nú ihugi menn að brugga eins konar biskupabjór. „Þá mætti til dæmis brugga hveitibjór og kalla hann Guðmund góða,“ segir hann kankvís. „Þá væri líka alveg borðleggjandi að brugga dökkan og ramman bjór sem kalla mætti Gottskálg grimma. Þá kom það líka til tals að brugga svona enskt öl sem er rautt og þá færi vel á því að kalla það Jón Arason því þessi bjór er yfirleitt hauslaus. En við skulum sjá, við bíðum eftir því að það komi nýr biskup á Hóla og athugum þá hvort þessi hugmynd hljóti blessun.“

Bjarni Kristófer segir að takmarkið með setrinu hafi fyrst og fremst verið að drekka góðan bjór en segir það afar skemmtilegt hvernig það hefur greitt



TVEIR AF FORSPRÖKKUM SETURSINS AÐ SUMBLI Hér eru þeir Bjarni Kristófer Kristjánsson og Broddi Rey Hansen að skrafa yfir krúsum á barnum í Bjórsetrinu.

fyrir samneyti bænda og fræðimanna á svæðinu. Í september verður svo slegið til mikillar bjórveislu en þá verður hið árlega Hólasumbl haldið með pompi og prakt. Svo það verður kannski einhver hamangangur á Hólum.

ÖLL TILBOÐIN GILDA TIL 05.08.12

HELGARSPRENGJA!



700700847

SPARIÐ
30.000

2JA SÆTA FULLT VERÐ: 89.950

59.950



700700848

SPARIÐ
30.000

STÓLL FULLT VERÐ: 59.950

39.950

700700845



3JA SÆTA FULLT VERÐ: 109.950

79.950

NOVA HÆGINDASÓFAR

Glæsilegir hægindasófar og hægindastóll með brúnu míkrofíberákæði. Hægt að halla baki og lyfta skemli.
Stærð á stól: B90 x H103 x D95 sm.
Stærð á 2ja sæta: B146 x H103 x D95 sm.
Stærð á 3ja sæta: B207 x H103 x D95 sm.

FRÁBÆRT
VERÐ!

Koddi
50 x 70 sm.
995

4116350

4317504

SÆNG: 135 X 200 SM.

3.495

mascot

NIELSEN SÆNG

Sæng á frábæru verði með polyester-trefjafyllingu. Sæng: 135 x 200 sm.
Koddi stærð: 50 x 70 sm.

SPARIÐ
20.000

Sweet Dreams

140 X 200 SM.

FULLT VERÐ: 99.950

79.950

801-11-1012



SWEET DREAMS AMERÍSK DÝNA

Vönduð og góð dýna með sterkri hlíðarstyrkingu. Í efra lagi er áfóst 10 sm. þykk yfirdýna úr hágæða svampi. Í neðra lagi eru u.þ.b. 140 BONELL gormar pr. m2. Fætur fylgja með.



3699301

40%
AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 16.950

9.950

SEBASTIAN
SKRIF-
BORÐSSTÓLL
Góður skrif-
borðsstóll með
hnakkapúða
og góðum
stuðningi við
bakið. Stíllan-
legt bak og
seta.

SPARIÐ
2.000

FULLT VERÐ: 9.995

7.995

3902200

SAMSON BARNAFERÐARÚM

Létt og handhægt barnaferðarúm. Stærð: 60 x 120 sm.

SÓFASETT 3+2

888000289

VEJLE SÓFA-
SETT 3+2
Flott, svart sófa-
sett með PU
áklæði. Nú á
frábæru tilboði!

SPARIÐ
70.000

FULLT VERÐ: 149.950

79.950

RÚMFATA
LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

GENGIÐ 03.08.2012

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	120,28	120,86
Sterlingspund	187,44	188,36
Evra	147,46	148,28
Dönsk króna	19,813	19,929
Norsk króna	19,957	20,075
Sænsk króna	17,781	17,885
Japanskt jen	1,5359	1,5449

SDR 181,08 182,16

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,1088

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



REYKJAVÍK Fasteignamarkaður höfuðborgarsvæðisins var ekki jafn virkur í júlí og hann var í júní. Hann hefur þó verið talsvert virkari á þessu ári en því síðasta.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fasteignir á höfuðborgarsvæði:

Heldur minna líf á fasteignamarkaði í júlí

HÚSNÆÐISMÁL Alls 470 kaupsamningur var þinglýst við sýslumannsembættin á höfuðborgarsvæðinu í júlí. Heildarvelta vegna þeirra nam 13,5 milljörum króna og var meðalupp-hæð á hvern kaupsamning 28,8 milljónir.

Þegar júlí er borinn saman við mánuðinn á undan fækkaði kaupsamningum um 4,1% og minnkaði velta um 9,2%. Sé miðað við júlí í fyrra fjölgaði kaupsamningum hins vegar um 5,4% og jókst velta um 12,2%.

Þá voru makaskiptasamningar 31 í júlí eða 7% af öllum samningum. Makaskiptasamningur er þegar hluti kaupverðs er greiddur með annarri fasteign.

- mp1

VEÐUR

Hægviðrismet í Reykjavík

Meðalvindur í Reykjavík í júlí var 2,4 metrar á sekúndu, og hefur ekki verið lægri frá því mælingar með sambærilegum aðferðum hófust. Áður var minnstur vindur í júlí 2007, 2,5 metrar á sekúndu.

Landsbjörg er ekki á vonarvöl þótt hún þurfi að loka þjálfunarskála:

Rekstur Landsbjargar í járnum

HJÁLPARSTARF „Við erum ekki á vonarvöl. Við eigum varasjóð sem er ágætur en ekkert gríðarlegur. Svo að þetta er í járnum,“ segir Hörður Már Harðarson, stjórnarformaður Landsbjargar, sem neyddist nýverið til að loka þjálfunaraðstöðu í Gufuskálum af fjárhagsástæðum.

„Það er ekkert öðruvísi hjá okkur en öðrum að það þarf að draga saman seglin,“ segir Hörður. Hann segir að stærsti tekjupóstur Landsbjargar, Íslandsspil, sé miklum mun minni en hann var fyrir nokkrum



HÖRÐUR MÁR HARÐARSON

árum. Íslandsspil rekur spila-kassa og er í eigu Rauða krossins, Landsbjargar og SÁÁ. „Á sama tíma hafa öll útgjöld aukist til muna, tekjur hækkað og annað,“ segir Hörður. Þess vegna hafi til dæmis þurft að segja upp tveimur starfsmönnum á skrifstofu Landsbjargar í fyrra. Regnhlífarsamtökin Lands-

björg reka skrifstofu, sjá um innkaup á flugeldum og geymslu þeirra á milli ára, flytja inn fatnað fyrir björgunarsveitarfólk og sjá um alls kyns magninnkaup. Svo reka þau björgunarskólann og halda á bilinu 350 til 400 námskeið á ári fyrir upprennandi björgunarsveitarfólk.

En eru frekari hagræðingar- aðgerðir framundan? „Það er allt of snemma að segja að þetta sé búið en ég hef á tilfinningunni að við séum að mestu komin fyrir vind,“ segir Hörður.

- sh

Smyglari tekinn á Bíldudal: Með 38 lítra af sterku áfengi

LÖGREGLUMÁL Lögregla og tollgæsla á Vestfjörðum lögðu hald á 38 lítra af sterku áfengi og 37.000 sígarettur um borð í flutningaskipi sem kom til lestunar á Bíldudal á miðvikudaginn.

Varningurinn fannst við leit í skipinu og var tilbúinn til að vera hífður frá borði. Talið er að til hafi staðið að selja hann hér á landi. Einn skipverji var handtekinn vegna málsins en sleppt að lokinni yfirheyrslu á fimmtudagskvöld. Málið telst upplýst og er komið til ákærumeðferðar.

- sh

Allsherjarþingið fordæmir stjórn Assads

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna fordæmir Sýrlandsstjórn fyrir að beita þungavopnum á almenning og skorar á öryggisráðið að grípa til aðgerða. Ísland er meðal þeirra ríkja sem stóðu að ályktuninni, sem 133 ríki samþykktu.

SÝRLAND „Það eru engir sigurvegarar í Aleppo í dag,“ sagði Ban Ki Moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, þegar hann ávarpaði Allsherjarþing sam-takanna í gær. „Þeir sem tapa í þessu stríði eru íbúar Sýrlands.“

Þingið samþykkti, með 133 atkvæðum gegn tólf, ályktun um ástandið í Sýrlandi þar sem Sýrlandsstjórn var fordæmd fyrir að beita þungavopnum á almenning.

Í ályktuninni segir að það séu sýrlensk stjórnvöld sem verði að „stíga fyrsta skrefið til þess að binda enda á ofbeldið“. Ísland er meðal þeirra ríkja sem standa að ályktuninni.

Allsherjarþingið hefur ekki þau völd sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur til að fylgja ályktun sinni eftir, en Rússar og Kínverjar hafa með neitunarvaldi sínu ítrekað komið í veg fyrir að öryggisráðið samþykki að beita Sýrlandsstjórn frekari þrýstingi.

Allsherjarþingið ákvað að taka ályktunina til afgreiðslu eftir að Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sagði af sér sem friðarfulltrúi samtakanna í Sýrlandi. Annan sagðist ekki hafa fengið þann stuðning frá Sameinuðu þjóðunum, sem þurft hefði.

Ban Ki Moon sagði í ræðu sinni í gær, að þrátt fyrir allt hefði vera friðargæsluliðs Sameinuðu þjóðanna í Sýrlandi skipt íbúa landsins miklu máli.

„Mig hryllir við því hve miklu verra ástandið væri ef Sam-



ALLSHERJARÞING SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Bashar Ja'afari, sendiherra Sýrlands, hægra megin á myndinni, fylgist brúnaþungur með umræðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

einuðu þjóðirnar væru hvergi nærri,“ sagði Ban.

Harðir bardagar hafa geisad alla vikuna í Aleppo, fjölmennustu borg Sýrlands, og víðar í landinu, meðal annars í höfuðborginni Damaskus.

Tugir manna létu lífið þegar sprengjur féllu á flóttamanna-búðir Palestínanna í Damaskus. Stjórnarherinn og uppreisnar-menn áttu í hörðum átökum í næsta nágrenni Jarmúk-flóttamannabúðanna, sem eru í Tada-

mon-hverfi borgarinnar. Margir íbúar hverfisins höfðu leitað skjóls í búðunum og telja Palestínumenn í búðunum það vera ástæðu þess að sprengjum var varpað á þær.

Talið er að átökin í Sýrlandi hafi kostað meira en 20 þúsund manns lífið síðan þau hófust snemma á síðasta ári. Hundruð þúsunda manna hafa flúið land en tugir þúsunda eru innikraðir vegna átakanna víðs vegar um landið og komast hvergi.

gudsteinn@frettabladid.is

Pútín skiptir sér af dómurum:

Biður pönk-urum vægðar

BRETLAND, AP Vladimir Pútín Rússlandsforseti hvetur rússneska dómara til að fara mildum höndum um feminístana í pönkhljóm-sveitinni Pussy Riot, sem gerðu usla í helstu kirkju rússnesku rétttrún-aðarkirkjunnar í Moskvu í vor.



VLADIMÍR PÚTÍN

Réttarhöld yfir þeim hófust í vikunni, en þær hafa verið í gæsluvarðhaldi frá í mars. Þær lýstu sig saklaugar af ásökun-um um óspektir vegna trúarhat-urs, en sögðust aðeins hafa viljað koma á framfæri andstöðu sinni við Pútín forseta.

Pútín hefur verið í London undanfarið að fylgjast með júdóglímu á Ólympíuleikum og sagði þar að framferði þeirra hefði verið slæmt, en að þær ættu ekki skil-inn þungan dóm.

- gb

Mikið að gera hjá lögreglu:

Hópur manna slóst í Eyjum

LÖGREGLUMÁL Hópslagsmál brut-ust út aðfaranótt föstudags eftir að karlmaður réðist á unga konu í miðbæ Vestmannaeyja. Konan fékk nokkra áverka og þurfti að leita sér aðhlyningar á sjúkrahúsi.

Í kjölfarið réðust nokkrir menn á árársarmanninn, sem fékk þá hjálp frá félögum sínum og um tíma voru býsna margir þátttak-undur í slagsmálunum, að sögn lögreglu. Hópurinn tvístraðist þegar lögregla kom á staðinn en tveir voru handteknir vegna málsins og látnir gista fanga-geymslur.

- sh

EIN SÚ VINSÆLASTA



Toshiba C850-131

89.990

TOSHIBA

Hagstætt verð fyrir 15,6" fartölvu með Intel Pentium B950, 4GB minni og 500GB hörðum disk. Windows 7 Home Premium.

tl.is

TÖLVU LISTINN

Samsung hjá Nova!

2.000 kr.
notkun á mán.
í 12 mánuði
fylgir þessum
farsíma!

Samsung SIII

8.690 kr. í 18 mán.

139.990 kr. stgr.

1.000 kr.
notkun á mán.
í 12 mánuði
fylgir þessum
farsíma!

Samsung SII

5.690 kr. í 18 mán.

89.990 kr. stgr.

500 kr.
notkun á mán.
í 6 mánuði
fylgir þessum
farsíma!

Samsung Galaxy Y

2.290 kr. í 12 mán.

24.990 kr. stgr.

Samsung Galaxy Mini 2

3.690 kr. í 12 mán.

39.990 kr. stgr.

500 kr.
notkun á mán.
í 12 mánuði
fylgir þessum
farsíma!

iPhone og iPad hjá Nova!

3.000 kr.
notkun á mán.
í 12 mán. fylgir
iPhone 4S!

2.000 kr.
notkun á mán.
í 12 mánuði
fylgir þessum
farsíma!

1.000 kr.
notkun á mán.
í 12 mánuði
fylgir þessum
farsíma!

1 GB
á mánuði í
12 mánuði
fylgir!

iPhone 4 8 GB

6.490 kr. í 18 mán.

99.990 kr. stgr.

iPhone 4S 16 GB

8.690 kr. í 18 mán.

139.990 kr. stgr.

iPhone 3GS 8 GB

3.990 kr. í 18 mán.

64.990 kr. stgr.

iPad 3G+WiFi 16 GB

7.990 kr. í 18 mán.

124.990 kr. stgr.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!
NOVA

KJÖRKASSINN



Leggur þú land undir fót um verslunarmannahelgina?

JÁ 22,5%
NEI 77,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú farið í hvalaskoðun?

Segðu þína skoðun á vísir

vísir



FAGNAÐ Annie Mist var fagnað þegar hún kom í æfingamiðstöð sína í Skeifunni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Annie Mist komin heim:

Mikilvægt að hafa góðan stuðning

FÓLK Annie Mist Þórisdóttir, hraustasta kona á jarðriki, kom heim í gær eftir að hafa sigrað CrossFit-leikana í Los Angeles í Bandaríkjunum annað árið í röð á dögunum.

Tekið var á móti Annie Mist fyrir utan húsnæði CrossFit Reykjavík í Skeifunni í gær og var fjöldi fólks samankominn til að bera þessa kjarnakonu augum. Annie þakkaði fyrir sig og minnst á hversu gott væri að hafa breiðan hóp fólks á bak við sig. Flestir keppinautar hennar hefðu einungis haft fjölskyldur sínar sér til stuðnings.

- bþ

Þrjár nýir listabókstafir:

C, E og G verða á kjörseðlum

STJÓRNSÝSLA Innanríkisráðuneytið hefur úthlutað þremur nýjum listabókstöfum og kjósendur hafa val um að setja kross við C, E og G í alþingiskosningum í vor.

Samstaða – flokkur lýðræðis og velferðar fékk úthlutað lista-bókstafnum C. Lilja Mósesdóttir er forsvarsmáður flokksins. Bjartsýnisflokkurinn, en Einar Gunnar Birgisson er í forsvari fyrir hann, fékk úthlutað lista-bókstafnum E og Hægri grænir – flokkur fólksins fékk listabók-stafinn G. Forsvarsmáður hans er Guðmundur Franklín Jónsson.

Bandalag jafnaðarmanna bauð fram undir bókstafnum C en Alþýðubandalagið undir G.

- kóp

Hvít-Rússum nóg boðið:

Sendiherra Svíþjóðar rekinn

SVÍÞJÓÐ Sendiherra Svíþjóðar í Hvíta-Rússlandi hefur verið rekinn úr landi. Að sögn Carl Bildts, utanríkisráðherra Svíþjóðar, er ástæðan sú að sendiherrann hafi sýnt mannréttindamálum of mikinn áhuga.

„Þetta sýnir hið rétta eðli stjórnmanna“, sagði Bildt á Twitter-síðu sinni.

Sænskir fjölmiðlar hafa einnig eftir Bildt að það hafi aldrei verið neitt leyndarmál að sendiherra Svíþjóðar í Hvíta-Rússlandi hafi verið í sambandi við stjórnmálsmenn. Sænskir sendiherrar séu það almennt.

- gb

Fréttastofan AP hefur farið fram á að fá 50 ára gömul skjöl um Marilyn Monroe afhent:

Bandaríska alríkislögreglan finnur ekki skjölin

BANDARÍKIN Bandaríska alríkislögreglan FBI finnur ekki lengur sín eigin skjöl um kvikmyndaleikkonuna Marilyn Monroe. Skjölin finnast heldur ekki á bandaríska þjóðskjalasafninu í Washington, en þangað á að senda skjöl af þessu tagi til geymslu.

Bandaríska fréttastofan AP fór fram á að fá aðgang að þessum skjölum, nú þegar fimmtíu ár eru liðin frá láti Monroe. Samkvæmt bandarísku upplýsingalögum á leynd á skjölunum nú að vera aflétt.

Fréttastofan bíður enn svara við fyrirspurn um það hvenær skjölin voru flutt frá lögreglunni.

Monroe fannst látin á heimili sínu í Los Angeles 5. ágúst árið 1962. Niðurstaða

kruftningar var sú að of stór lyfjaskammtur hefði orðið henni að bana. Ekki var þó hægt að fullyrða hvort hún sjálf hefði tekið lyfin inn eða hvort um morð hafi verið að ræða.

Lát hennar var rannsakað á ný árið 1982 og var þá meðal annars byggt á skjölunum frá FBI, sem nú eru týnd. Vandlega var þó búið að fara yfir skjölin og ýmsar upplýsingar fjarlægðar úr þeim.

Ýmsar sögusagnir hafa komist á kreik um andlát hennar, meðal annars vangaveltur um að ástarsamband hennar við John F. Kennedy, þáverandi forseta, og Robert bróður hans, sem þá var dómsmálaráðherra, hafi með einhverjum hætti blandast í málið.

- gb



MARILYN MONROE Bandaríska lögreglan fylgdist grannt með henni eins og fleiri kvikmyndastjórnur þess tíma.

NORDICPHOTOS/AFP

Sakar fyrirtæki Nubos um sýndarmennsku í verkefnum

Forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála segir fyrirætlanir á Grímsstöðum á Fjöllum ótrúverðugar. Fulltrúar minnihlutans á Akureyri vilja að bærinn dragi sig út úr félagi um kaup á jörðinni. Formaður bæjarráðs segir bæjarfélagið ekki taka á sig neinar skuldbindingar fyrr en allt liggja ljóst fyrir.

STJÓRNSÝSLA Edward Huijbens, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála, segir fyrirætlanir kínverska fjárfestisins Huang Nubos um uppbyggingu á Grímsstöðum á Fjöllum í hæsta máta ótrúverðugar. Hann segir skoðun heimasíðna fyrirtækja Nubos, Zhongkun og Zhongkun Travel, gefa til kynna að um fals sé að ræða.

„Skoðun á heimasíðum þeirra sýnir að orð vega þyngra en gerðir og sýndarmennska ræður þar ríkjum.“

Staðhæfingar í gögnum með verkefninu um vishæfa ferðabjónustu (ecotourism) eru skólábókardæmi um grænþvott og hvergi liggur neitt fyrir um fjármögnun fyrirhugaðrar uppbyggingar á Grímsstöðum annað en orð forsvarsmanna Zhongkun.

Edward er varabæjarfulltrúi Vinstri grænna á Akureyri og sat fund bæjarráðs á fimmtudag þar sem málefni Grímsstaða voru á dagskrá. Hann vill að Akureyrarbær dragi sig út úr GÁF, félagi 6 sveitarfélaga um kaup á jörðinni.

„Sem sveitarstjórnarmaður þá biðla ég til meirihlutans að gera sér vandlega grein fyrir hvaða hagsmuni bærinn telur sig vera að verja með þátttöku í uppbyggingu á Grímsstöðum á Fjöllum.“

Edward segir forsvarsmenn fjárfestisins nú segjast ætla að fjármagna verkefnið allt með eigin fé. Því hafi verið lýst yfir eftir að



GRÍMSSTAÐIR Forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála segir ýmislegt benda til að siglt sé undir fólksku flaggi varðandi uppbyggingu á Grímsstöðum og áhugi á ferðabjónustu sé takmarkaður.

MYND/SIGGA HALLGRÍMS

Höldum okkar striki

Halla Björk Reynisdóttir, formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar, segir stjórn GÁF biðja eftir því hvað kemur út úr starfshópi ríkisstjórnarinnar um málið. „Þetta hangir allt saman og við biðum bara róleg, erum ekkert stressuð yfir þessu.“

Bergur Elias Ágústsson, stjórnarformaður GÁF, segir hins vegar að félagið haldi sínu striki hvað sem vinnu starfshópsins líður. „Við verðum að ræða saman og sjá hvað kemur út úr því. Það liggur nú ekki alveg ljóst

fyrir hvað menn ætla sér að skoða, en við tökum því fagnandi. Við höldum bara okkar striki áfram, það er bara þannig. Við höfum samband og sjáum hvort þarf að samræma einhverja vinnu.“

Bergur segir samninginn um verkefnið liggja að mestu fyrir. „Það er verið að yfirfara orðalag og eitthvað lagadótari hjá þeirri lögfræðistofu sem er að aðstoða okkur í þessu.“

ívilnunarnefnd hafi krafist staðfestingar lánveitenda, en upphaflega áttu 70% stofnkostnaðar að vera lánsfé. „Þetta og fleira bendir til að áhugi á ferðabjónustu sé meiri í orði en á borði og verkefnið virðist sigla undir fólksku flaggi.“

Halla Björk Reynisdóttir, formaður bæjarráðs Akureyrar og fulltrúi L-listans, lista fólksins, segir ekkert hafa komið fram sem kalli á að bærinn dragi sig út úr verkefninu. Beðið sé samnings-

draga frá GÁF sem verði kynnt fyrir bæjarráði áður en skrifað verður undir nokkuð sem skuldbindur bæjarfélagið.

„Við förum inn í verkefnið með það fyrir augum að ef yrði af uppbyggingu á ferðabjónustu fyrir austan myndum við sem samfélag hagnast á því. Við vildum styðja það á þeim forsendum og það hefur ekkert breyst.“

Njáll Trausti Friðbertsson, vara-bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins,

sat einnig bæjarráðsfundinn á fimmtudag, en flokkurinn var andvígur þátttöku bæjarfélagsins í GÁF.

„Við vorum andvíg málinu þar sem of mörgum spurningum var ósvarað, til dæmis því hvort þetta samræmduð lutverki okkar sem sveitarfélags.“ Njáll Trausti segir eðlilegt að það komi til skoðunar að Akureyrarbær dragi sig út úr verkefninu.

kolbeinn@frettabladid.is

Segir fangelsi hvorki hafa starfsmenn né aðstöðu til að vista geðsjúka:

Deilt um vist sjúkra fanga

HEILBRIGÐISMÁL Brýnt er að finna úrræði fyrir geðsjúka fanga, segir Páll Winkel fangelsismálastjóri en fangelsismálayfirvöld lenda oft í því að þurfa að vista geðsjúka án þess hafa aðstæður né starfsmenn til þess.

„Við höfum allar aðstæður til að vista sakhæft fólk,“ segir Páll. „Fólk sem skilur þýðingu refsingar og svo framvegis. En við höfum hins vegar hvorki aðstæður né starfsfólk til að sinna alvarlega veikum fongum, hvort sem þeir eru veikir líkamlega eða andlega. Í þeim tilfellum sem um líkamleg veikindi er að ræða þá höfum við ekki lent í neinum vandræðum með að koma viðkomandi á spítala en þegar veikindin eru andlegs eðlis þá höfum við lent í stórkostlegum vandræðum með að koma viðkomandi á viðeigandi stað. Um

þetta deilum við og starfsmenn á geðdeildum.“

Hann segir það misjafnt hversu oft slíkar aðstæður komi upp.

RÚV sagði nýlega frá því að maður sem var á Kleppi í 15 ár sé nú vistaður á Litla-Hrauni og svo annar sem árum saman hefur verið vistaður á réttargeðdeildinni að Sogni, en hún var nýlega flutt til Reykjavíkur.

„Við munum halda áfram að berjast fyrir því að fólki komist á viðeigandi staði,“ segir Páll en nú þegar hefur vandamálið verið kynnt heilbrigðis- og velferðar-yfirvöldum.

- jse

PÁLL WINKEL FANGELSISMÁLASTJÓRI Auðvelt er að koma líkamlega veikum fongum á viðeigandi stað en öðru máli gegnir um andlega veika segir Páll.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Bílvelta á Ólafsfjarðarvegi:

Ökumaður sveigði fram hjá fugli og velti bíl

SLYS Engin slys urðu á fólki þegar bíll valt á Ólafsfjarðarvegi í gærmorgun. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu er talið að orsök slyssins hafi verið sú að ökumaður reyndi að sveigja fram hjá fuglum á veginum með þeim afleiðingum að hann missti stjórn á bílnum.

Umferðarstofa vill brýna fyrir ökumönnum að þó viðleitni þeirra til að vernda dýr í umhverfi sínu sé góð þá er mikilvægast að skapa ekki hættu við akstur.

Varast skal að kippa snögglega í stýrið, einkum ef hraðinn er mikill. Þá er minnt á að miklu skipti að horfa langt fram á veginn svo ekkert komi ökumanni á óvart í umferðinni.

- bþ

ALLT FYRIR

VERSLUNARMANNAHELGINA



OPNUNARTÍMI

Skeifan
Eiðistorg
Garðabær
Akureyri

Smáralind
Spöngin
Holtagarðar

Kringlan

Borgarnes
Njarðvík
Selfoss

LAU 4. ÁGÚST

24 TÍMA

10-20

10-20

10-18

SUN 5. ÁGÚST

24 TÍMA

12-20

LOKAÐ

12-18

▶ MÁN 6. ÁGÚST

24 TÍMA

LOKAÐ

LOKAÐ

LOKAÐ



Gildir
fimmtudag
til
mánudags

FABRIKKU BORGARAR
Í PAKKANUM ERU TVEIR
FABRIKKUBORGARAR, TVÖ
FERHYRND FABRIKKUBRAUÐ,
FABRIKKUSÓSA, SALT OG PIPAR.



TAX
FREE
DAGAR



ALLAR ÚTILEGUVÖRUR
ÁN VSK



ÖLL GRILL
ÁN VSK

TAX
FREE
DAGAR



2.499 kr.
Verð áður 2.799.-



1.199 kr.
Verð áður 1.499.-



ANDRÉS ÖND
GÓÐUR Í
FERDALAGIÐ!

999 kr.
Verð áður 1.299.-



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Eiðistorg & Akureyri

Gildir til 6. ágúst á meðan birgðir endast.

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir bankastjóri Seðla-banka Evrópusambandsins?
2. Hvar fer Unglingalandsmót UMFÍ fram um helgina?
3. Hefur bensínverð á Íslandi fylgt þróun gengis og heimsmarkaðsverðs?

SVÖRIN

1. Mario Draghi, 2. Á Selfossi 3. Já.



SNJALLSÍMI Aukin útbreiðsla snjallsíma hefur valdið mikilli aukningu í notkun 3G-netþjónustu.

NORDICPHOTOS/AFP

Tal býður 3G ódýrast:

Notkun á 3G-neti eykst sífellt

NEYTENDUR Gríðarleg aukning varð á niðurlagi í gegnum 3G-net Tals í júlí í kjölfar þess að fyrirtækið lækkaði verð á þjónustunni. Viktor Ólason, forstjóri Tals, segir íslenska snjallsímanotendur vilja nota netið mikið í sínum sínum og að þeir geri kröfu um að þjónustan sé ódýr.

Í tilkynningu frá Tali kemur fram að niðurlagi í gegnum 3G-net fyrirtækisins jókst um 250 prósent og hagnaðurinn tæplega fjórfaldaðist í mánuðinum. Tal hóf nýverið að bjóða 10 gígabæta niðurlagi á mánuði fyrir 500 krónur sem er umtalsvert ódýrara en hjá öðrum símafyrirtækjum samkvæmt íslenska tækniblogginu Simon.is.

- mþl

ÚTIVIST

Stígar í Þórsörk kortlagðir

Mikið verk hefur verið unnið við endurbætur á stígum í Þórsörk í sumar. Samhliða hefur verið unnið að nákvæmri kortlagningu stíganna, sem eru samtals um 90 kílómetrar á lengd. Verkið er unnið í sjálfboðavinnu. Til stendur að bæta merkingar á stígum á næstu vikum.

www.volkswagen.is



Passat Comfortline Plus sjálfskiptur kostar aðeins
4.390.000 kr.

Nú á enn
betra verði



Das Auto.

Hópur íslenskra háskólanema tók nýverið þátt í hönnunarkeppninni Formula Student í Bretlandi í annað sinn: Háskólanemar smíðuðu kappakstursbíl frá grunni

FÓLK 27 manna hópur nemenda við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands tók á dögunum þátt í alþjóðlegu hönnunarkeppninni Formula Student sem fram fór á Silverstone-kappakstursbrautinni í Bretlandi. Hópurinn hefur síðustu tvö ár hannað rafknúinn kappakstursbíl en þetta var í annað sinn sem hann tekur þátt í keppninni.

„Við gerðum bílinn í raun alveg upp á nýtt fyrir keppnina í ár, það var svo margt sem þurfti að bæta. Við lögðum mikla vinnu í þetta og bíllinn í ár er algjör stökkbreyting frá bílnum í fyrra,“ segir Ari Elísson, meistaranemi í iðnaðarverkfræði og einn liðsmanna.

Alls 20 úr hópnum fóru til Bretlands til að taka þátt í keppninni sem skiptist í tvo hluta.

Í þeim fyrri er hönnun bílsins kynnt sem og hugmyndafræði og viðskiptalíkan hópsins. Í seinni hlutanum er aksturshæfni bílsins metin en til að fá að taka þátt í þeim hluta þurfa bílarnir að standast öryggispróf.

Lið frá 110 skólum tóku þátt að þessu sinni en keppnin er haldin árlega. Svo fór að rafkerfi íslenska bílsins stóðst ekki öryggispróf og fékk liðið því ekki að taka þátt í aksturshlutanum. Ari segir flesta meðlimi liðsins vera að útskrifast úr námi og því taki nýr hópur við bílnum. Bæta þurfi nokkur smáatriði en bíllinn sé þó miklu fullkomnari en bíll síðasta árs. Segist Ari eiga von á því að með lagfæringum í vetur standist hann allar kröfur á næsta ári.

- mþl



ÍSLENSKA LIÐIÐ Alls 20 úr hópnum ferðuðust með bílnum á Silverstone-kappaksturbrautina í Bretlandi.

Yfir 400 milljóna króna tap af rekstri Hörpu í ár

Hallarekstur á Hörpu er alvarlegur og ekki útilokað að tapið lendi á skattgreiðendum segir menntamálaráðherra. Stór hluti tapsins er til kominn vegna vanáætlaðra fasteignagjalda. Ráðstefnuhaldið fer hægt í gang.

STJÓRNSÝSLA Um 407 milljóna króna tap verður af rekstri tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu á þessu ári miðað við óbreyttar forsendur. Þetta kemur fram í niðurstöðum úttektar sem ráðgjafafyrirtækið KPMG gerði á rekstri og skipulagi Hörpu fyrir eigendurna; ríkið og Reykjavíkurborg.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir hallareksturinn alvarlegan. Hún útilokar ekki að tapið lendi að hluta á skattgreiðendum, þó reynt verði til þrautar að láta reksturinn bera sig.

Katrín segir hallarekstur Hörpu skýrast af því að áætlanir hafi ekki gengið eftir. Um helmingurinn af tapi ársins er vegna vanáætlunar á fasteignagjöldum, en aðrir þættir veiga einnig þungt, segir Katrín. Til dæmis sé rekstur á húsinu hærri en áætlað var, og tekjur af veitingasölu og bílastæðahúsi undir væntingum.

Tekjur af tónlistarflutningi og menningarstarfsemi í húsinu hefur verið samkvæmt áætlun á árinu. Alls hafa 250 þúsund gestir sótt 367 tónleika og menningarviðburði í húsinu. Tekjur af ráðstefnuhaldi eru hins vegar langt undir áætlun.

„Ég held að það sé ekki ólíklegt að við getum séð fram á meiri tekjur af ráðstefnuhaldi í framtíðinni. Sá bransi virðist vera



RÓLEG BYRJUN Tekjur af ráðstefnuhaldi í Hörpu eru langt undir áætlunum, og virðist sá hluti rekstrarins fara hægt af stað.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

skipulagður mjög langt fram í tímann, núna eru að koma inn bókanir fyrir árin 2016 og 2017. Svo við getum átt von á því að það gangi betur,“ segir Katrín.

Halldór Guðmundsson tók við starfi forstjóra Hörpu í byrjun ágúst. Hans fyrsta verkefni verður að vinna fimm ára rekstraráætlun fyrir húsið, og þar með leita leiða til að spara í rekstri og auka tekjur, segir Katrín. Reiknað er með að ný rekstraráætlun liggja fyrir í haust. Á sama tíma stendur til að

250 þúsund manns hafa sótt tónleika og menningarviðburði í Hörpu.

kynna nýja eigendastefnu ríkis og Reykjavíkurborgar þar sem sett verða fram markmið eigendanna með rekstri Hörpu.

Einnig stendur til að einfalda

mjög fyrirkomulag rekstursins. Þegar einkaaðilar hófu undirbúning að byggingu og rekstri hússins stofnuðu þeir átta félög til að halda utan um rekstur mismunandi eininga. Nú stendur til að færa reksturinn í eitt félag í eigu ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Katrín segir að með því muni nást ákveðin hagræðing, en mestu muni um aukið gagnsæi og betri stjórnarhætti eftir að reksturinn verður kominn í eitt félag.

brjann@frettabladid.is

Volkswagen Passat EcoFuel

Ratvís og viðsýnn

Til viðbótar við ríkulegan staðalbúnað í Volkswagen Passat Comfortline Plus er nú fullkomið leiðsögukerfi með Íslandskorti ásamt bakkmyndavél.

Kringlan

Opið 10-18 í dag

ÚTSALA

Lokadagur

Götumarkaður
og ótrúlegt verð!

Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun lokað | Sími 517 9000

Ferðahelgin stóra er fram undan:

Polinmæði, gleði og virðing

Ferðahelgin stóra, verslunarmannahelgin, er runnin upp. Þrjú daga helgi sem er mörgum langþráð. Helgina má nýta til margs. Margir velja rólegheitin heima hjá sér en hjá stórum hópi er helgin nýtt til ferðalaga með áherslu á annað hvort að njóta náttúrunnar eða samveru við annað fólk, nema hvort tveggja sé.

Af þessu leiðir að fáa daga ársins eru fleiri á ferðinni á sama tíma en einmitt þessa helgi. Umferðarlag er þess vegna mikið og krefst sérstakrar þolinmæði og árvekni. Í því samhengi má ekki gleymast að það er fullkomlega eðlilegt ástand að tafir séu í umferðinni þá daga ársins sem flestir eru á ferðinni þannig að það er rétt að gera ráð fyrir að ferðalagið taki heldur lengri tíma en alla jafna.



SKOÐUN

Steinn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Það þarf að fara með gát og sýna ábyrgð. Það gildir ekki síður um sambúð aksturs og

áfengis. Umferðarstofa sendi frá sér samantekt fyrir helgina þar sem minnt var á mikilvægi bílbelta bæði í framsætum og aftursætum. Umferðarstofa áréttaði einnig ábyrgð bílstjóra sem aka undir áhrifum áfengis en olvaður ökumaður veldur einu af hverjum fimm dauðaslysum sem verða í umferðinni.

Um helgi sem þessa getur fleira reynt á þolinmæðina en þung umferð. Þar sem margir eru saman komnir, og þá ekki síst þar sem áfengi deyfir dómgreind að einhverju leyti, er hætta á núningi manna á milli. Þar er þolinmæðin einnig dyggð. Þá er líka ágætt að hafa í huga að tilgangurinn með því að koma saman er að hafa gaman en ekki hið þveröfuga.

Sambúðin við guðsgræna náttúruna er nán á ferðalögum. Í þeirri sambúð þarf að gæta að virðingunni. Náttúra landsins er meðal þeirra gæða sem þorri Íslendinga metur hvað mest en þess sér ekki alltaf nægilega vel stað í umgengninni við landið. Það er góð og raunar sjálfsögð regla á ferðalögum að skilja þannig við á áningarstöðum í náttúrunni að sem minnst ummerki sjáist. Engan langar að koma að rusli og sviðinni jörð.

Veðurhorfur eru góðar fyrir helgina, þokkalega hlýtt veður og útlit fyrir sól um mest allt land í dag. Veðrið ætti þannig að verða hin ágætasta umgjörð utan um gott mannlíf á mannamótum og dægilegar stundir úti í náttúrunni hvort heldur sem kyrrðar er notið eða skemmtunar með öðrum.

Það er sama hvort um ræðir samveru fólks, útivist í faðmi náttúrunnar eða ferðalögin milli staða, í öllum tilvikum er virðing, gleði og þolinmæði nestið sem bætir upplifunina og skilar okkur heilum og hamingjusömum heim. Það á auðvitað ekki bara við um þessa ágætu helgi sem nú er fram undan heldur hvern einasta dag í lífinu.

Gleðilega og farsæla ferðahelgi.



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Hófsöm hirting

Ræða forseta Íslands við embættistökuna nú í vikunni var ekki gallalaus. Sjálfsupphafningin var til að mynda á sínum stað þótt hún hafi að þessu sinni fremur verið ívaf en uppstaða. Kjarninn í ræðunni var hins vegar hófsöm hirting vegna ráðleysis og sundurlyndis við meðferð stjórnskrármálsins á Alþingi.

Forsetinn hefur talið sjálfum sér trú um að kjör hans hafi verið sérstakur og óvenjulegur sigur lýðræðisins. Vandséð er þó að það hafi verið annað en staðfesting á rötgrónum lýðræðishefðum sem ein-kenna hverjar kosningar í landinu og einstakir stjórnmálamenn geta ekki slegið eign sinni á.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Efnislega getur forsetinn á hinn bóginn verið ánægður með að meirihluti þeirra sem greiddu atkvæði veitti honum traust fyrir þá sök helst að snúast gegn ríkisstjórninni og síðar þremur stærstu flokkunum með því að setja Icesave-málið tvisvar í þjóðaratkvæðagreiðslu. En það er upphafning að kalla það lýðræðisbyltingu, enda ekki kominn botn í málið.

Eins má segja að í ræðuna hafi

vantað menningarlega kjölfestu. Einmitt á sundurleysistímum þarf forsetinn að færa rök fyrir því hvers vegna við erum íslensk þjóð og hvað það merkir að vera Íslendingur.

En það er ástæða til að horfa fram hjá þessum ágöllum vegna þess í ræðunni var boðskapur sem á brýnt erindi. Forsetinn benti með sterkum og afgerandi hætti á þann háská sem í því er fólgin þegar landsmálaforystan vill ekki breiða sátt um undirstöður stjórnskipunarinnar. Verkurinn er sá að forsetinn hefur svo oft hrópað hátt án þess að efni stæðu til að ekki er víst að þeir leggi við hlustir nú sem helst ættu að gera það.

Í samræmi við þjóðhöfðingjahlutverkið

Að öllu jöfnu á forseti Íslands ekki að blanda sér í einstök pólitísk viðfangsefni sem eru til umfjöllunar á Alþingi. Það er ekki hlutverk hans að leiðrétta mistök ríkisstjórna. Þær hafa lýðræðislegt umboð og bera pólitíska ábyrgð, þar á meðal á forsetanum. En þegar við flestum blasir að í óefni er komið með sjálfa stjórnskrána er eðlilegt að forsetinn fletji leiðbeinandi ræðu eins og hann gerði nú.

Forsetinn benti réttilega á að margar breytingar hafa verið gerðar á stjórnskránni á lýðveldistímanum og nær allar í góðri sátt. Að jafnaði hefur henni verið breytt einu sinni á áratug. Víða myndi það teljast til örva breytinga. Sú heildarendurskoðun sem áformuð var við lýðveldisstofnun er því vel á veg komin. Forsetinn benti einnig réttilega á að stjórnskráin stóðst þá áraun sem fylgdi hruni krónunnar og falli bankanna. Vel mátti hins vegar skilja for-

setann á þann veg að í raun réttir sé óþarft að ljúka endurskoðun stjórnskrárinnar. Á það sjónarmið verður ekki fallist. Á hinn bóginn er ekkert að því að ljúka verkinu í áföngum.

Kjarninn í boðskap forsetans er þó fyrst og fremst sá að stjórnskrá sem sett er í fullkomnu stríði er ekki traustari en hús sem reist er á sandi. Það er gómul sannindi og ný. Um enga löggjöf gildir það fremur en stjórnskrána að hana skuli byggja á bjargi.

Hvernig á að bregðast við hirtingunni?

Stóra spurningin er hvernig skynsamlegast er að bregðast við hirtingu forsetans. Það væri óskynsamlegt af ríkisstjórninni að gefa henni langt nef og halda áfram með málið eins og ekkert hafi í skorist. Umvöndunin á hljómgrunn í samfélaginu.

Eins væri óráðlegt að stöðva framgang málsins. Hvort tveggja er að gildar efnislegar ástæður eru fyrir breytingum þó að þær séu misbrýnar og að stöðvun væri of mikil niðurlægning fyrir ríkisstjórnina. Niðurlægning er aldrei grundvöllur varanlegs friðar.

Forystumenn ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðuflokkanna beggja þurfa að horfa á málið í þessu ljósi. Þeir þurfa allir að sýna þjóðinni að þeir séu tilbúnir til að koma upp úr skotgröfunum og finna eðlilegan og sameiginlegan farveg fyrir framhaldið.

Nýkjörinn biskup einnig með skýrum rökum að stjórnskrármálinu af predikunarstóli dómkirkjunnar fyrir embættistökuna. Biskupinn benti réttilega á að þjóðkirkjan nýtur sérstakrar stjórnskrárverndar vegna þess að hún hefur verið hluti af innviðum sam-

félagsins. Hvernig styrkir það samfélagið að rífa þá innviði niður? Bætur það andann í þjóðfélaginu?

Segja má að biskup hafi leitt að því rök að þjóðkirkjan sé í stjórnskránni fyrir samfélagið en ekki vegna sjálfrar sín. Þessi rök kalla á viðbrögð í ljósi þeirra gilda sem þjóðkirkjan stendur vörð um og eru hluti af því sem kallast íslenskt samfélag.

Bæði forsetinn og biskupinn hafa kastað bolta í fangið á forystumönnum stjórnmálaflokkanna. Nú er að sjá hvernig þeir spila úr þeirri stöðu.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinn Stefánsdóttir steinn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

STÖÐUGT
NÝJAR
FRÉTTIR

vísir
- oft á dag

Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu



Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnið í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í ferðaþjónustu og hefur viðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Kristín Hrönn Guðmundsdóttir hefur veitt ferðaþjónustuaðilum og öðrum fyrirtækjum fjármálaþjónustu í meira en 10 ár. Kristín Hrönn er viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki



DROTTNINGIN OG SLÁTRARINN Helga Möller væri til í að sjá góðan þriller um íslenska efnahagshrunið. Gunnar Sigurðsson sér fyrir sér að hann gæti leikið Bjarna Ármannsson í myndinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ekkert sem toppar Hvíta húsið

Fjölmiðlamaðurinn og stjórnsýslufræðingurinn **Gunnar Sigurðsson** lítur á söngkonuna **Helgu Möller** sem súperstjörnu. Hvorugt þeirra er fyrir útihátíðir en þeim mun hrifnari af golfþróttinni göfugu. *Kjartan Guðmundsson* hitti rökstólapar vikunnar.

Á RÖKSTÓLUM

Byrjum á byrjun. Hvað vitið þið hvort um annað?

Gunnar: „Ég veit alveg gríðarlega margt um þig, Helga.“

Helga: „Nú, já. Þá er ég bara farin, sko.“

Gunnar: „Nei, ekki gera það. Ég segi að ég sé á þínum aldri, því ég er miklu eldri en fólk almennt heldur.“

Helga: „Hvað ertu gamall?“

Gunnar: „Ég er að verða 42 ára.“

Helga: „Já, einmitt, á sama aldri og ég. Nei, ég er nú aðeins eldri en þú.“

Gunnar: „En þú ert súperstjarna míns tíma. Það voru aðrir tímar þarna í kringum 1980, áður en netið kom. Þá var engin Beyoncé eða neitt, bara Helga Möller. Ef maður sá Helgu Möller á Laugaveginum var maður ekkert að abba upp á hana. Maður fékk bara í magann. Svo hef ég auðvitað fylgst með þér æ síðan.“

Helga: „Já, þú varst bara krakki þegar ég var að koma inn á sjónvarsvíðið. Þú og ég var það fyrsta stóra sem ég gerði.“

Gunnar: „Já! Hversu oft hefur maður ekki dottið í að syngja Vegir liggja til allra átta, til dæmis?“

Helga: „Einmitt, og í Reykjavíkurborg og Dans dans dans. Villi og Lúlla hlýtur líka að vera í uppáhaldi hjá þér?“

Gunnar: „Villi og Lúlla! Jú, mikil ósköp. Svo veit ég líka að þú ert hörku golfari og átt einhverja Íslandsmeistarititla, er það ekki rétt?“

Helga: „Jú, þrjú! Reyndar í flokknum 35 ára og eldri og í 1. flokki, en ekki meistaraflokki.“

Gunnar: „Hver er að telja flokka?“

Helga: „Ég segi það. Ég hef líka farið holi í höggi.“

Gunnar: „Hvað ertu með í forgjöf?“

Helga: „Í dag er ég með 15,8 en var lægst með 14,2. Ég er orðin frekar róleg í golfinu núna. Spilar þú golf?“

Gunnar: „Ég upplifi mig sem alveg svakalegan golfara, en spila einstaklega sjaldan. Ég kolféll fyrir meistara Seve Ballesteros sem krakki og ef ég gripi í kylfu í dag væri ég með svona 4 í forgjöf.“

Helga: „Ég verð að viðurkenna að ég hafði aldrei séð Gunnar á völlum, innslögin þín á mbl.is þar sem þú heimsækir knattspyrnuvelli landsins, en nú hef ég séð þau og þau eru mjög góð. Þú ert fæddur í þetta. Svo veit ég að þú heldur með Víkingi Ólafsvík en ég man ekkert eftir þér sem knattspyrnumanni.“

Gunnar: „En manstu ekki eftir mér á Laugaveginum þar sem ég glápti á þig sem barn?“

Helga: „Varst það þú?“

Gunnar: „Það var ég.“

Helga: „Hvaða stöðu spilaðirðu í fótboltanum?“

Gunnar: „Ferillinn minn var mjög stuttur en á seinni stigum hans fór ég í bakvörðinn. Slátrarin af Snæfellsnesi.“

Helga: „Varstu kallaður það?“

Gunnar: „Ég bara var það.“

Helga: „Diskódrottningin og Slátrarin af Snæfellsnesi. Við ættum að stofna dúett.“

Áföllin standa upp úr

Er einhver verslunarmannahelgi sem stendur upp úr þegar þið lítið yfir sviðið?

Helga: „Ég hef aldrei verið mikið fyrir útisamkomur, finnst þær ekki skemmtilegar og er bara hálfhrædd við þær. Einu sinni fór ég á einhverja útihátíð á Hvítárbakka,

fann engan og endaði með því að fá að hringja úr sjúkratjaldinu í pabba, sem keyrði í tvo tíma á náttbuxunum til að sækja litlu stelpuna sína. Mér finnst eiginlega að verslunarmannahelgin sé eina helgin sem maður ætti ekki að fara út úr bænum. Núna um helgina erum við í Þú og ég að koma fram á Innipúkanum og það hentar mér bara rosalega vel.“

Gunnar: „Ég er sammála því, sérstaklega hin síðari ár. Ég tók auðvitað út gleðina þegar ég var yngri og drekkti mér í Vestmannaeyjum.“

Helga: „Eins og svo margir gera.“

Gunnar: „Já, ég var alltaf að vinna eins og sleggja í helvíti í fiski fyrir vestan og með vasana fulla af aurum. Svo spanderaði ég kannski hundraðþúsundkalli yfir eina helgi. Það er ekkert lítið sem ég sé eftir því í dag að hafa ekki bara farið til Taílands í fimm vikur í staðinn. Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum er svakaleg hátíð og ég myndi aldrei vilja að börnin mín færu þangað. Ekki fyrr en þau eru orðin full-orðið fólk.“

Helga: „Strákurinn minn fór fyrst 22 ára, en stelpurnar mínar hafa aldrei verið þessar týpur. Kannski vegna þess að mamma þegar er það ekki heldur.“

Gunnar: „Áföllin standa frekar upp úr en gleðin. Verslunarmannahelgin þegar flugslysið varð í Skerjafirði var sú hræðilegasta af öllum. Og allar slæmu fréttirnar sem fylgja þessum helgum. Ég er líka mikið innipúki og um helgina verður nóg að gera hjá mér með púkana mína.“

Helga: „Hvað áttu mörg börn?“

Gunnar: „Þrjú, og það er rosalegt.“

Helga: „Þú átt alla mína samúð, því ég er búin með þennan pakka. En mundu bara að litlum börnum

fylgja lítil vandræði en stórum börnum fylgja stór vandræði.“

Sama um fræga fólkíð

Nú virðist ekki þverfótað fyrir frægum útlendingum á Íslandi. Hvert er frægasta fólk sem þið hafði talað við?

Gunnar: „Veistu, Russell Crowe og Ben Stiller og þessir strákar gætu þess vegna setið við hliðina á mér og ég myndi ekki taka eftir þeim. Ég tek eftir því þegar ég sé Helgu Möller, en hitt fræga fólkíð skiptir mig engu máli.“

Helga: „Sammála, mér gæti ekki verið meira sama.“

Gunnar: „En fyrst þú spyrð þá er frægasta fólk sem ég hef átt kvöldstund með líklega tónlistarhjónum Diana Krall og Elvis Costello, þegar ég var einkakokkur þeirra í Laugar-dalshöllinni. Frábært fólk. Hann er svo lágvaxinn hann Elvis að ég gæti auðveldlega haldið á honum og látið hann ropa. En þú þekkir nú örugglega marga fræga, Helga, er það ekki?“

Helga: „Ég hef hitt nokkra, skal ég segja þér. Til dæmis var ég með Dönu Ross og hljómsveitinni Earth, Wind and Fire í partíi í London. Svo hitti ég Ted Danson í biðröð á söngleikinn Miss Saigon í New York og James Taylor þegar hann kom til Íslands um daginn. Það var stærsta stund lífs míns því ég hef sungið lögin hans frá því ég var þrettán ára. Toppurinn er þó líklega að hafa snætt hádegisverð í Hvíta húsinu þegar George Bush eldri var við völd.“

Gunnar: „Já! Þetta er skellur, maður! Ég fæ gæsa húð, sjáðu bara!“

Helga: „Ég var næstum búinn að hitta Mr. Bush en því miður þurfti hann að fara á mikilvægan fund með stuttum fyrirvara.“

Gunnar: „Það skiptir engu. Þetta er eins og að kúka í Vatikaninu! Það

er ekki hægt að toppa þetta, nema kannski með því að drekka úr sama vatnsglasi og þú, og nú hef ég gert það.“

Kvikmynd um þjóðarskelfing

Leikstjórinn Baltasar Kormákur heimsfrumsýnir kvikmynd sína Djúpið, sem er innblásin af ótrúlegu sundafreki Guðlaugs Friðþórssonar við Vestmannaeyjar árið 1984, á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto í september. Ef þið mættuð velja eitthvert atvik úr Íslands-sögunni sem gerð yrði kvikmynd um, hvaða atvik yrði fyrir valinu?

Gunnar: „Mig langar mikið að sjá kvikmynd um það sem gerðist hér á Íslandi 26. maí 1968, þegar við skiptum úr vinstri umferð yfir í hægri umferð. Ég væri til í að sjá gæðveikina sem hefur örugglega ríkt á mörgum heimilum. Það mátti ekki keyra frá þrjú um nóttina til sjö um morguninn, það var þjóðarskelfing og allir þurftu að taka þátt í þessu. Þetta er örugglega það merkilegasta sem við Íslendingar höfum gert, að breyta því bara sisvona hvernig við keyrum.“

Helga: „Ég man eftir þessum degi og þegar við fórum út að keyra hægri megin í fyrsta skipti.“

Gunnar: „Var ekki allt kreisi?“

Helga: „Jú, maður var óskrandi á alla að passa sig og svona. En ég myndi vilja sjá einhvern rosalega góðan þriller um hrúnið. Fara inn að kjarna þess og sjá hvað gerðist.“

Gunnar: „Já, slík kvikmynd hlýtur að koma fyrr eða síðar.“

Helga: „Það væri gaman að fá einhverja góða leikara til að túlka þessa kalla. Davíð Oddsson og svona.“

Gunnar: „Gæti ég ekki verið ÍslandsbankaBjarni Ármannsson? Er ég ekki dálítið bjarnaður?“

Helga: „Jú, þú ert töluvert mikið bjarnaður.“

Alltaf lágt verð



DARWIN
ÚTILJÓS Á VEGG HALLANDI
45°halli. Fæst í svörtu og áli.
Pv. 9 cm. Hámark 60W, E27 sökkull.

4.995,-

- bright life
nordlux®



DARWIN ÚTILJÓS STAUR
80 cm staur. Fæst í svörtu, áli
og galvaniseruðu stáli.

9.995,-



DARWIN
ÚTILJÓS Á VEGG
Fæst í svörtu, áli og
galvaniseruðu stáli.
Pv. 9 cm.
Hám. 60W,
E27 sökkull.
Tilvalið fyrir spar-
perur.

7.995,-



JOEL

HITALAMPI Á VEGG
Tilvalinn í sólstofuna,
á pallinn og á svalirnar.
1000W. IP44 vottaður.

4.995,-

JOEL

HITALAMPI
Keramískur hitalampi á
fæti með 3 stillingum,
650/1300/2000 watt. Hæð
allt að 2m. IP44 vottaður.

9.995,-



TURIN
ÚTILJÓS
E27 sökkull.
Hám. 60 wött.
Tilvalið fyrir spar-
perur. Fæst í hvítu
og svörtu, með
upp eða niður-
lýsingu.



3.490,-



nordlux
SCORPIUS MAXI ÚTILJÓS Á VEGG
Breidd 27 cm.
E27 sökkull.
Hám. 60 wött.

6.995,-



nordlux
CASTOR MAXI
TVÖFALT
VEGGLJÓS
Veggjljós úr málm
og gleri. Hám. 1 x
35W GU10 sökkull.

13.995,-



nordlux
TIN MAXI TVÖFALT
VEGGLJÓS
Veggjljós úr áli, GU10
3 watta Hi-Power LED.
Gefur sama birtustig og
hefðbundið GU10 en notar
um 80% minni orku.

14.995,-

Kids Club®



Krakkar, maurinn mætir á svæðið í
BAUHAUS á laugardaginn frá kl 12-17.

Vertu í stuði með okkur í... BAUHAUS

Hjá **BAUHAUS** bjóðum við upp á fjölbreytt úrval af útiljósum... allt frá því að vera veggfest ljós, stauraljós, fyrir bílplanið, sól-pallinn, blómabeðið nú eða undir þakskeggið, svo fátt eitt sé nefnt. Einnig höfum við rafmagnshitara sem koma að góðum notum á pallinum þegar kólnar að kvöldi, hvort sem um er að ræða veggfesta hitara eða á standi...Komdu og kíktu við í ljósa-deildinni hjá okkur og sjáðu ljósin í allri sinni dýrð.

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 02. ágúst til og með sunnudagsins 05. ágúst 2012. Gildir á meðan birgðir endast.



BAUHAUS®

GÆÐI

ÞJÓNUSTA

GJAFVERÐ

VÖRUÚRVAL

KRÓNAN

- fyrst og fremst ódýr!



20% afsláttur

1498 kr. kg

Verð áður 1889 kr. kg
Lambalærissneiðar, New York marineraðar



LAMBALÆRI
- fyrir þig og þína!

Þú getur valið ókryddað, eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín, piparmarinerað eða trönu-berja og eplamarinerað!

1398 kr. kg

Lambalæri, ókryddað eða kryddað



25% afsláttur

2998 kr. kg

Verð áður 4148 kr. kg
Kindafile



2 í pk.

399 kr. pk.

Ungnauta hamborgari 120 g, 2 í pk.



4 í pk.

698 kr. pk.

Grillborgarar með brauði, 4 stk.

Spari-kassi



898 kr. kg

Frosnar grísakótilettur í kassa



Stórsniðug
Kælitaska og kollur
- hægt að brjóta saman!

2999 kr. stk.

Kælitaska og kollur, 3 litir

Fánlegt í Krónunni:
Akranesi, Bíldshöfða, Granda,
Lindum, Mosfellssbæ, Reyðarfirði,
Selfossi og Vestmannaeyjum



415 kr. pk.

Krónuís, 3 teg., 1,33 l



49 kr. stk.

X-Ray, 250 ml

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og óeðla myndabréngi
EXPO - www.copalis



Safnaðu AUKAKRÓNUM
í öllum verslunum Krónunnar

- komdu og gerðu frábær kaup!

DÚNDURGOTT
VERÐ



1798 kr. kg

Krónu kjúklingabringur



35% afsláttur

2989 kr. kg

Verð áður 4548 kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent

FRÁBAERT
á grillið



30% afsláttur

1189 kr. kg

Verð áður 1648 kr. kg
Grisahnakki á spjóti í New York eða hvítlauks- og rósmarínmarineringu



4x2 lítrar

780 kr. pk.

Pepsi og Pepsi Max, 4x2 lí í pk.



196 kr. pk.

Doritos snakk, 3 teg., 165 g



22 í pk.

299 kr. pk.

Prins Póló mini, 22 stk. í pk.



KÍKTU Á
kronan.is
- meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

Umdeildu Ólympíuauagnablikin

Meðan Íslendingar biðu eftir að sjá Rögnu Ingólfsdóttur leika badminton í vikunni reyndu aðrir spilarar í sömu íþrótt viljandi að tapa sínum leikjum og var vísað heim af Ólympíuleikunum fyrir vikið. *Kjartan Guðmundsson* rifjaði upp fleiri umdeild ÓL-atvik.

STOKKHÓLMUR 1912

Jim Thorpe, sem var að hluta til írskur, að hluta til franskur og að hluta til indíáni en keppti fyrir Bandaríkin, sigraði í fimmtarþraut og tugþraut á Ólympíuleikunum í Stokkhólmi árið 1912. Thorpe varð einnig fjórði í hástökki og sjöundi í langstökki og þykir því einn fjölhæfasti íþróttamaður sögunnar. Ári síðar var hann sviptur öllum verðlaunum þegar í ljós kom að hann hafði þegið laun fyrir að leika hafnabolta í neðri deildum í Bandaríkjunum mörgum árum fyrir Ólympíuleikana.

Í hönd fór mikil herferð til að viðurkenna sigra Thorpe. Herferðin bar árangur, en ekki fyrr en þremur áratugum eftir lát íþróttamannsins sem lést í fátækt árið 1953.



NORDICPHOTOS/GETTY

MELBOURNE 1956



NORDICPHOTOS/AFP

Í desember 1956, mánuði eftir að sovéska herinn réðst inn í Ungverjaland til að berjast við uppreisn í Búdapest til að losa síðarnefnda landið undan pólitískri stjórn Sovétmanna, mættust þjóðirnar í fólkskulegum sundknattleik á Ólympíuleikunum í Melbourne. Griðarleg spenna var milli þjóðanna. Frá upphafi skiptust leikmenn landsliðanna á höggum og spörkum og áhorfendur gengu nánast af göflunum. Þegar mínúta var eftir og Ungverjaland 4-0 yfir gaf sovétmaðurinn Valentin Prokopov helstu hetju Ungverja, Ervin Zador, griðarþungt högg á hægri gagnaugað svo fossblæddi úr (leikurinn er þekktur undir heitinu „Blood in the water“). Dóm- arar stöðvuðu leikinn, Ungverjum var dæmdur sigurinn og unnu að lokum gullíð. Í tilefni hálfra aldar afmælis þessa fræga leiks árið 2006 var gerð heimildarmynd um hann sem nefndist Freedom's Fury og voru leikkonan Lucy Liu og leikstjórinn Quentin Tarantino meðal framleiðenda. Ervin Zador fluttist síðar til Bandaríkjanna og gerðist þjálfari sundkappans Marks Spitz, sem vann til sjö gullverðlauna á Ólympíuleikunum í München árið 1972.

LOS ANGELES 1984

Hin suðurafríska Zola Budd var þegar orðin umdeild þegar hún keppti á Ólympíuleikunum í Los Angeles sumarið 1984. Íþróttafólki frá Suður-Afríku var meinað að keppa á leikunum vegna aðskilnaðarstefnu þarlendrar stjórnvalda en þar sem afi hinnar sautján ára gömlu Budd, sem vann sér það einnig til frægðar að hlaupa ávallt berfætt, var breskur var henni tryggður ríkisborgara- réttur á met tíma. Budd varð þannig gjaldgengur keppandi fyrir Bretland við lítinn fögnuð and- stæðinga apartheid-stefnunnar.

Í Los Angeles var hlaupakonan enn frekar milli tannanna á áhorfendum víðsvegar um heim eftir keppni í 3.000 metra hlaupi. Margir fjölmiðlar stilltu hlaupinu upp sem einvígi milli Budd og hinnar bandarísku Mary Decker (frægt varð að Budd hélt griðarlega upp á hinn bandaríska andstæðing sinn og hafði plakát af Decker á veggnum í herberginu sínu) þótt annar keppandi, hin rúmverska Maricica Puica, hefði í raun átt besta tímann þetta ár. Um miðbik hlaupsins hafði Budd náð forystunni þegar hún og Decker, sem var skammt undan, rákust þrívægist saman með þeim afleiðingum að Decker féll í jörðina og neyddist til að hætta keppni, hágrátandi og með laskaða mjöðm. Bandarísku áhorfendurnir brugðust ókvæða við og þúðu á Budd af miklum móð. Sú suður- afrísku hélt forystunni um hríð en varð að lokum í sjöunda sæti á tíma sem var langt frá hennar besta. Löngu síðar sagði Budd í ævisögu sinni að hún hefði viljandi hægt á sér í hlaupinu eftir áreksturinn því hún hefði ekki getað hugsað sér að taka við verðlaunum frammi fyrir hlutdrægum og fjandsamlegum áhorfendum.



NORDICPHOTOS/GETTY




NORDICPHOTOS/GETTY

MEXÍKÓBORG 1968

Eitt umdeildasta og tákna- ræn- asta atvik í sögu Ólympíuleik- anna átti sér stað í Mexíkóborg árið 1968, þegar Bandaríkja- mennirnir Tommie Smith og John Carlos, gull- og bronsverð- launahafar í 200 metra hlaupi, „krepptu hnefa mót himni“ (eins og það var orðað í Þjóðviljanum á sínum tíma) meðan þjóðsöngur Bandaríkjanna var leikinn við verðlaunaafhendinguna. Til- gangurinn var að vekja athygli á jafnréttisbaráttu svartra og var hnefinn kreppti svokallað Black Power-merki (þótt þeir Smith og Carlos hefðu, ólíkt því sem talið var, engin tengsl við Svörtu hlé- barðana), og báru þeir einnig svarta hanska, fóru úr skónum og klæddust svörtum sokkum til að vekja athygli á fátækt svartra og með trefil og hálsfesti til að mótmæla heningum. Þá báru Band- aríkjamennirnir og sá sem varð annar í hlaupinu, Ástralinn Peter Norman, merki OPHR (Olympic Project for Human Rights) og var það Ástralinn sem stakk upp á því að annar bandarísku keppend- anna hefði hanska á hægri hönd en hinn á vinstri. Upphaflega stóð til að þeir yrðu með hanska á báðum höndum en Smith gleymdi sínu pari í Ólympíuþorpinu.

Uppátækid vakti griðarleg viðbrögð. Áhorfendur á leik- vanginum þúðu á Bandaríkja- mennina og voru þeir sendir heim til Bandaríkjanna með fyrsta flugi. Segir sagan að bandaríska Ólympíunefndin hafi íhugað að svipta Smith og Carlos verðlaunum sínum en einungis hætt við til að freista þess að krækja í fleiri medal- iur en Sovétmenn á leikunum. Alþjóðlega Ólympíunefndin með



NORDICPHOTOS/AFP

formanninn Avery Brundage, Bandaríkjamann sem trúði á yfirburði hvíta kynstofnsins, í broddi fylkingar, gagnrýndi Smith og Carlos fyrir að vekja athygli á pólitískum skoðunum sínum og brjóta þannig eina mikilvægustu reglu Ólympíu- hugsjónarinnar.

Fjölmiðlar í Bandaríkjunum tóku margir í sama streng og íþróttamennirnir tveir áttu ekki náðuga daga næstu árin eftir mótmælin, en á þá var harka- lega deilt og fengu þeir jafn-

framt margar morðhótanir. Með tímanum hafa þó margfalt fleiri gert sér grein fyrir mikilvægi aðgerða þeirra í mannréttinda- baráttunni. Talið er að Ástral- anum Norman, sem var með þeim á verðlaunapallinum, hafi verið meinuð þátttaka á Ólympí- uleikunum í München 1972 af ástralska Ólympíusamband- inu vegna þátttöku hans í mótmælu- num. Þegar Norman lést árið 2006 voru Smith og Carlos meðal þeirra sem báru kistu hans í jarðarförinni.

SEÚL 1988

Þegar Ben Johnson, sem fæddist á Jamaíku en fluttist sem táningur til Kanada og keppti undir fána síðarnefndu þjóðarinnar, kom fyrstur í mark í hundrað metra spretthlaupi á nýju heimsmeti, 9,79 sekúndum, á Ólympíuleikunum í Seúl í Suður-Kóreu árið 1988, var hann skiljanlega kátur. „Þetta heimsmet mun standa næstu fimmtíu eða hundrað árin,“ sagði hann í viðtali áður en hann viðurkenndi líkurnar á því að metið yrði hugsanlega slegið fyrir. „Það er hægt að slá heimsmet. En enginn getur tekið af mér gull- medalíuna,“ bætti hann við. Johnson hafði rangt fyrir sér í báðum tilvikum. Heimsmetið hans var gert ógilt innan tveggja sólarhringa og medalían tekin af honum við sama tilefni.

Upp úr kafinu kom að ólöglega efnið stanozolol hafði greinst í þvagi Johnson við lyfjapróf. Kanadíska þjóðin, sem áður hafði glaðst ógurlega yfir árangri hlauparans, fékk áfall sem fyrrsagnir þarlendrar blaða endurspegluðu ágætlega (til dæmis: „Af hverju, Ben?“ og „Takk kærlega fyrir, skíthællinn þinn!“). Johnson neitaði staðfestlega að hafa vitandi neytt lyfsins ólöglega (þótt hann viðurkenndi síðar að hafa notað stera á öðrum tímum) og hélt því fram að huldumaður hefði komið efninu fyrir í bjórfloösku sem hann drakk til að eiga auðveldara með að pissa við lyfjaprófið í Seúl. Enn síðar (árið 2010, í bók sinni sem ber hinn hnyttna titil Seoul to Soul) bar Johnson kennsl á huldumanninn sem Andre Jackson, fjölskylduvin Carl Lewis, andstæðings Johnsons sem kom annar í mark í hlaupinu og hlaut þar af leiðandi gullíð. Lewis viðurkenndi að Jackson hefði verið við lyfjaprófið en gaf lítið út á réttmæti ásakana andstæðings síns. Johnson féll síðar tvívegis á lyfjaprófi á ný og var dæmdur í lífstíðarban.

Einna merkilegast við hundrað metra spretthlaupið í Seúl árið 1988 er að sex af hinum átta keppendum tengdust á einhverjum tíma á ferli sínum ólöglegum árangursbætandi efnum, þar á meðal Carl Lewis sem notaði örvandi efni í undankeppni Ólympíuleikanna í Seúl en slapp við bann. Gögn þess efnis voru ekki gerð opinber fyrr en árið 2003.



NORDICPHOTOS/AFP



Allir geta grillað kalkúnapylsur

Kalkúnapylsur eru grillaðar á gasgrillum, kolagrillum, ferðagrillum, framúrstefnulegum og frumstæðum grillum.



Kalkúnapylsurnar frá Ísflugli eru kjötmiklar og innihalda aðeins 2% fitu. Þær eru bragðmiklar og góðar.



Holl og ljúffeng máltíð



 Íslensk
framleiðsla

Reykjavegi 36, Mosfellsbæ
Sími: 566 6103, Fax: 566 6762
isflugl@isflugl.is, www.isflugl.is

Við spilum í úrvalsdeildinni

Á dögnum var Lava frá Brugghúsinu í Ölvisholti valinn besti bjórinn í flokki reykra bjórtegunda á Opna bandaríska bjórmótinu. **Hólmfríður Helga Sigurðardóttir** og **Vilhelm Gunnarsson** ljósmyndari heimsóttu bruggmeistarann **Jón Elías Gunnlaugsson** á æskuslóðirnar í Ölvisholti og komust að því að hann hefur sett sér háleitt framtíðarmarkmið: Að búa til besta bjór í heimi.

Nýlega vann bjórinn Lava, hinn biksvarti Imperial Stout frá Ölvisholti, til verðlauna í Opna bandaríska bjórmótinu (U.S. Open Beer Championship), þar sem hann var valinn besti bjórinn í flokknum Smoked/rauchbeer. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir heimsótti bruggmeistarann Jón Elías Gunnlaugsson á æskuslóðirnar, þar sem hann bæði starfar og býr með fjölskyldu sinni í sveitasælunni.

Lava hefur stimplað sig vel inn í Bandaríkjunum, þar sem hann er fánlegur í öllum fylkjum. „Stout er eins og kaffi bjórsins,“ útskýrir bruggmeistarinn Jón Elías Gunnlaugsson, sem tekur blaðamanni og ljósmyndara Fréttablaðsins opnum örmum og lóðsar þá af ánægju um brugghúsið. „Það er búið að brenna byggð, sem þýðir að við fáum engan sykurlit og fyllingu. Lava er 9,4 prósent og hann á ekkert sameiginlegt með venjulegum bjór. Við erum frekar að keppa við borðvín heldur en „mainstream“ bjór með honum.“

Bruggverksmiðjan er í gamalli hlöðu á Ölvisholti þar sem Jón sjálfur ólst upp. Hlaðan minnir þó lítið á hefðbundinn búskap í dag, en í stað búfenaðar á básum eru þar í dag stærðarinnar tankar sem geyma bjór í tonnavís. Uppi á hillu má sjá sýnishorn af þeim bjórtegundum sem framleiddar eru í Ölvisholti. Þar er starfað eftir hugmyndafræði örbrugghúsa, sem gengur út á að framleiða metnaðarfullri bjór en gengur og gerist. Sjálfur er Jón viss um að það hafi tekist. „Okkar mottó er einfaldlega að búa til besta bjór í heimi. Ég hef grun um að við séum orðin, eða í það minnsta að verða, stærsti útflytjandi á bjór á landinu.“

Æskuslóðirnar feegurstar

Það var árið 2007 sem Jón lét þann gamla draum verða að veruleika að koma á fót bruggverksmiðju í Ölvisholti. Það gerði hann í samvinnu við nágranna sinn, Bjarna Einarsson, eggjabóndann af næsta bæ. Hugmyndin var góðra gjalda verð en það var tímaþetta ekki. Þetta var „korteri fyrir hrun“ eins og Jón orðar það. Algjör forsöndubrestur varð á rekstrinum eftir bankahrunið og svo fór að Landsbankinn tók starfseminu yfir. Í fyrravor komu hins vegar nýir fjárfestar að rekstri brugghússins og hjólin tóku að snúast að nýju. Í dag eru framleiddar um 600 þúsund flöskur af bjór í Ölvisholti og starfsemin blómstrar.

Margir myndu eflaust öfunda Jón af starfsumhverfi sínu. Hann þarf ekki að fara nema nokkra metra að heiman til að sækja vinnu sína, bruggar þar bjór fjarri skarkala heimsins og á alltaf einn kaldan innan seilingar. Hann tekur undir að starfsumhverfið sé gott, en tekur fram að hann láti bjórinn alveg eiga sig á vinnutíma.

Við hlið Jóns í brugghúsinu starfar konan hans, Þórhildur Rúnarsdóttir. Þau hjónin keyptu jörðina af foreldrum Jóns árið 2006 og fluttu á bæinn. Þau eiga þrjú börn, sem sækja sína leikskóla og skóla á njóta frjálshæðis sveitasælunnar þess á milli. „Það er dásamlegt að búa svona á æskuslóðum,“ segir Jón í einlægni. „Ég held það sé þannig með flesta að þeim þyki staðurinn þar sem þeir alast upp sá falletasti í heimi. Það er svoleiðis með mig. Við lifum ósköp ljúfu lífi hérna.“

Ímynd Íslands mikilvæg

Bygg og malt sem notað er til framleiðslu bjórsins frá Ölvisholti er innflutt. Vatnið er hins vegar að sjálfsögðu íslenskt og algjört lykilhræfni að sögn Jóns. Hann segir ímynd Íslands sem hreins og ósnerts lands lyklatríði í markaðssetningu erlendis. „Við vitum að við erum með pottþétt, hreint og gott vatn í vörum, sem myndar 90 prósent af henni. Ímynd Íslands um allan heim er líka hreinleiki og við getum alveg staðið undir henni.“



SAMHELDIN HJÓN Jón og Þórhildur búa í Ölvisholti með börnum sínum þremur og starfa hlið við hlið í brugghúsinu. Jón ólst upp í Ölvisholti og keypti bæinn af foreldrum sínum fyrir nokkrum árum. Hann segir hvergi betra að búa en á æskuslóðunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SRI CHINMOY-STRÆTI VIÐ ÖLVISHOLT

Við bæinn Ölvisholt er að finna sérstaka götu. Gatan sú liggur út á tún en leiðir ekki til annars en grænna túna og eilífðarinnar. Margir Íslendingar muna eftir indverska heimspekingnum Sri Chinmoy, en hann er líklega þekktastur fyrir það hér á landi að hafa lyft Steingrími Hermannssyni með annarri hendi. Hann ferðaðist einmitt víða um lönd og framkvæmdi þann gjörning í þágu friðar. En hvers vegna skyldi Sri Chinmoy stræti vera hér, af öllum stöðum? „Félagar mínir voru dyggir fylgismenn Sri Chinmoy. Þá vantaði stað fyrir strætið, en það eiga að vera tvö slík í hverju landi, skilst mér. Reykjavíkurborg vildi ekki fá það en ég tók því fagnandi. Gott ef það var ekki bara hans síðasta embættisverk að blessa myndina af mér og skiltinu, svo lést hann stuttu síðar, blessaður karlinn,“ segir Jón bruggmeistari.



Það er ekki bara ímyndin sem hefur hjálpað Ölvisholti í markaðssetningunni erlendis, heldur hafa náttúruöflin líka verið með brugghúsinu í liði. Það er engin tilviljun hversu vel Lava selst í Bandaríkjunum, en miðinn á flöskunni sýnir eldspáandi Heklu, sem er einmitt sýn sem hefur alloft birst heimilisfólki að Ölvisholti frá bæjardyrnum. Bandaríkjamönnum er eldgosíð í Eyjafjallajökli og áhrif þess á flugsamgöngur enn í fersku minni. Lava var kominn á markað áður en gosíð varð, en salan tók mikinn kipp í Bandaríkjunum eftir það.

Ög rúmið dansaði
Flestar afurðir brugghússins bera einhvers konar vísun í náttúruna í umhverfi Ölvisholts. Fyrsta afurðin var Skjálfti, sem dregur nafn sitt af stóra skjálftanum

sem reið yfir Suðurland árið 2000. Hann átti upptök sín um 3 kílómetra frá bæjarmörkum Ölvisholts. „Það varð meiriháttar tjón á

hér uppi á 2. hæð í húsi sem var byggt árið 1909. Ég hafði verið til miðnætis að gera við plóg og lá undir honum. Ég var svo nýkominn inn í rúm þegar skjálftinn kom. Ég man að rúmið dansaði um allt herbergið. Það var mjög einkennilegt,“ segir Jón og segist að vonum hafa verið feginn að vera kominn undan plógnum þegar skjálftinn reið yfir, enda væri hann varla til frásagnar um hann ef svo hefði ekki verið.

Yfirnáttúrulegur Skjálfti

Þessi viðburður hafði slík áhrif á heimilisfólk að það þótti sjálf sagt að tengja fyrsta bjórinn frá Ölvisholti við hann. För Skjálfta um heiminn hefur verið lyginu líkust. Í hvert sinn sem hann hefur verið fluttur inn í nýtt land hefur jarðskjálfti

fylgt í kjölfarið. „Tveimur dögum fyrir formlegt opunarhóf hérna hjá okkur kom skjálfti. Við vorum búin að stefna hingað ýmsum mikilmönnum og báðum sjónvarpsstöðvunum, sem ætluðu að koma og gera frétt. Þegar kom að hófinu fékk ég hins vegar þau svör á báðum stöðvum að þær treystu sér ekki til að fjalla um bjór með þessu nafni á þessum viðkvæmu tímum fyrir Sunnlendinga,“ segir Jón og skellir upp úr.

Og svipaðar sögur er að segja af fleiri stöðum. „Þremur vikum eftir að við byrjuðum að selja Skjálfta í Malmö kom fyrsti jarðskjálftinn þar í sextíu ár. Næst fórum við til Álandseyja og þá kom fyrsti skjálftinn þar frá upphafi. Þegar fyrsta sendingin okkar var á leið til Kanada hringdi í mig blaðamaður frá Ontario-fylki. Ég sagði honum þessa sögu og lauk símtalinu með orðunum „þið verið að passa ykkur, það mun

allt leika á reiðiskjálfti“. Þremur vikum eftir að hann fór í búðir í Toronto kom þar risaskjálfti og kirkjan í heimabæ þessa blaðamanns hrundi til grunna.“

Skemmst er frá því að segja að Skjálfti hefur ekki lagt undir sig fleiri lönd ... enn þá!

Háleit framtíðarmarkmið

Nú þegar framleiðir brugghúsið í Ölvisholti 600 þúsund flöskur af bjór á ári, en full afkastageta þess er milljón litlar flöskur. Jón segir enn töluvert svigrúm fyrir stækkun á verksmiðjunni, þó að hann eigi ekki endilega von á að hún verði alltaf í Ölvisholti. „Ég hugsa að það séu nú einhver takmörk fyrir því hvað félagið á eftir að stækka hér á bæjartorfunni hjá mér. Ef við lendum í því að heimsbyggðin getur ekki lifað án bjórsins frá Ölvisholti þá mun sú uppbygging líklega fara fram annars staðar en hér,“ segir hann og brosir. Hann hefur sjálfur mikla trú á að hann muni sprengja starfseminu utan af sér fyrr en síðar. „Það er í þessu eins og öðru. Ef maður setur metnað í vinnuna þá kemur eitthvað gott út úr því. Við höfum sett okkur mjög háleitt markmið og vinnum eftir þeim. Við erum að spila í úrvalsdeildinni á heimsvísu. Það er bara þannig.“

Ryðgaður og stífur?



Aumir og stífir vöðvar?

Voltaren gel er verkjastillandi og bólgueyðandi hlaup við verkjum í mjóbbaki, öxlum og vöðvum.



NJÓTUM ÞESS AÐ HREYFA OKKUR

LESA SKAL VANDLEGA LEIÐBEININGAR Á UMBÚÐUM OG FYLGISEÐLI.

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Samantekt á eiginleikum lyfs – stuttur texti SPC. Inniheldur 11,6 mg af díklófenakvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi (sem jafngildir magni á stærð við kirsuber til valhnetu) er borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meisli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir díklófenaki eða einhverju hjálparefnanna. Ofnæmi fyrir asetýlsalísýlúru eða öðrum bólgueyðandi gígarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalísýlúru eða annarra bólgueyðandi gígarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Á síðustu þremur mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglíngum 14 ára og yngri. Meðganga og brjóstagjöf: Ef þú ert barnshafandi máttu eingöngu nota Voltaren í samráði við lækni. Þú skalt nota eins lítil skammta og hægt er og nota Voltaren í eins skammta tíma og mögulegt er. Þú mátt ekki nota Voltaren á síðustu þremur mánuðum meðgöngunnar. Ef þú ert með barn á brjósti máttu eingöngu nota Voltaren í samráði við lækni. Konur með barn á brjósti mega hvorki bera Voltaren á brjóstin né á stór húðsvæði og eiga að nota lyfið í eins skammta tíma og mögulegt er. Aukaverkanir: Algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$): Útbrot, exem, hörundstroði, húðbólga (þ.m.t. snertiofnæmi), kláði. Sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$): Brunatilfinning á meðferðarstað, roði, punktblæðingar í húð, ofnæmishúðbólga. Mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$): Blóðruhúðbólga. Koma ör sjaldan fyrir ($< 1/10.000$): Útbrot með grafnaröðbum, ofnæmi (þ.m.t. ofsakláði), ofnæmisbjúgur, berkjukrampi, astmi, þurrkur, ljósnæmi. Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að ákvarða tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum): Bráðaofnæmisviðbrögð. Við langvarandi notkun (> 3 vikur) og/eda þegar verið er að meðhöndla stór húðsvæði geta komið fram almennar aukaverkanir. Einkenni eins og kvíðverkir, meltingartruflanir og truflanir á maga og nýrnastarfsemi geta komið fram. Ofskömmun: Ef of stór skammtur af Voltaren hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða citrunarmiðstöð (sími: 543-2222). Hafið umbúðir lyfsins við höndina. Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun.

Fólk gengur kaupum og sölum

Mansalsglæpir eru glæpir sem eru „okkur öllum til skammar“ að mati Sameinuðu þjóðanna. Margt hefur áunnist í baráttunni gegn þeim á alþjóðavísu, en betur má ef duga skal. **Magnús Halldórsson** kynnti sér gögn sem UNODC, stofnun Sameinuðu þjóðanna sem berst gegn skipulagðri glæpastarfsemi, hefur tekið saman um mansal.

Mansalsglæpir komast sjaldnast upp. Mikil vinna hefur þó farið fram á vegum stofnunar Sameinuðu þjóðanna sem berst gegn fíkniefnum og skipulagðri glæpastarfsemi (UNODC) sem miðar að því að safna upplýsingum um stöðu mála og reyna með því að einangra rætur vandans, uppruna glæpsins.

Upplýsingasöfnun

Ýtarlegustu samantektir á vegum UNODC um mansalsglæpi eru skýrslur stofnunarinnar þar sem ýtarlega er farið yfir stöðu mála út frá frumgögnum aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna um glæpina. Langan tíma tekur að vinna úr gögnunum, ekki síst vegna þess hve uppbygging á innviðum rannsóknaraðila innan ýmissa ríkja hefur byggst hægt upp. Nýjustu skýrslur UNODC, frá 2010 og 2011, byggja þannig á gögnum sem taka til stöðu mála á árunum 2005 til 2009, og er stærsta úttekt UNODC, sem er frá árinu 2008 og ber heitið Glæpurinn sem er okkur öllum til skammar (The Crime That Shames Us All), helsta bakgrunnsgagnið í þeim.

Betur má ef duga skal

Mansalsglæpaiðnaður er talinn velta í það minnsta 50 milljörðum dollara á ári, eða sem nemur tæplega 6.250 milljörðum króna. Inni í þeim tölum er ekki aðeins mansal þar sem fólk er selt til kynlífsþrælkunar eða kynlífsiðnaðar ýmiss konar, milli landa, heldur einnig umfang þeirrar tegundar mansals sem hefur verið að færast í vöxt undanfarin misseri, sem er gamaldags þrælahald. Þá er fólk selt í þrælkunarvinnu, einkum ungir drengir og karlmenn í Asíu og Afríku. Mest er um þessa tegund mansals í Suðaustur-Asíu, þar á meðal Taílandi, Víetnam, Kambódíu og Mjanmar. Í Afríku hefur þessi tegund mansals vaxið í grennd við svæði þar sem gríðarlega hröð uppbygging hefur verið í álfunni, meðal annars við námuvinnslu. Angóla og Síerra Leóne eru meðal þeirra ríkja þar sem kerfisbundin sala á fólki til vinnu hefur verið upprætt, en margt bendir til þess að skipulagning á þessum glæpum fari fram samhliða annarri glæpastarfsemi svo sem vopnasölu og fíkniefnasmygli, að því er segir í skýrslu UNODC.

Ein af helstu niðurstöðum UNODC þegar kemur að athugun á umfangi mansals er sú að nær ómögulegt er að ráðast gegn þessari tegund glæpastarfsemi nema með því að byggja upp fjölbjóðlegt flæði upplýsinga á milli rannsóknarteyma á sviði skipulagðrar glæpastarfsemi. Í þeim efnum hefur mikill árangur náðst á síðustu árum, að mati UNODC. Þar sem innviðir eru veikir, þ.e. þar sem heilbrigðisþjónusta og löggæsla er vanmáttug, t.d. í mörgum ríkjum Afríku, þar er ástandið verst. UNODC segist t.d. hafa rakið mansalsglæpi þar sem stúlkubörn höfðu verið flutt sjóleiðina frá Austur-Afríku til Suður-Ameríku, þaðan til Bandaríkjanna og síðan þaðan til Evrópu.

Ómögulegt að segja til um fjölda

Eitt af því sem UNODC segir er að ómögulegt sé að áætla hversu margir einstaklingar séu mansalsfórnarlömb árlega. Til þess séu opinberar upplýsingar of ófullkomnar. Einkenni glæpanna og fjárhagslegt umfang sé þó frekar hægt að áætla út frá gögnum þar sem peningarnir koma oftast ekki inn í kassann hjá glæpamönnum fyrr en fórnarlömbunum hefur verið komið á lokastöð. Mikill meirihluti mansalsglæpa er rakinn




BELGRAD Stór hluti fórnarlamba mansals verður fastur í kynlífsiðnaði, ekki síst vændi. Hér sjást ljósmyndarar og aðrir gestir á kynlífs- og klámráðstefnu í Belgrad árið 2006 fylgjast með nektardansmey á sviði. Fjöldi mansalsglæpa er rakinn til skipulagðrar glæpastarfsemi í Austur-Evrópu.


NORDICPHOTOS/AFP

■ FÓRNARLÖMB MANSALS

Málsmeðferð mansalsmála í öllum löndum sem skiluðu upplýsingum til UNODC.



Fórnarlömb mansals í 61 landi á árinu 2006 sýna að konur eru í langflestum tilvikum fórnarlömb mansals. Stúlkur og drengir eru þó fórnarlömb í vaxandi mæli, og voru það í 22 prósentum tilvika sem komu upp á yfirborðið.



■ HVAÐ ER MANSAL?

Mansal er þegar einstaklingur eða hópur einstaklinga nýtir sér bága aðstöðu annarrar manneskju með gróða að leiðarljósi. Helst er verið að svala eftirspurn eftir konum, kórlum og börnum til starfa í kynlífsiðnaði, nauðungarvinnu, glæpastarfsemi og hernaði.

Engu skiptir hvort fórnarlambið viti hvað það á í vændum, heldur telst það til mansals þegar fólk er þvingað eða ginnt í aðstöðu þar sem það sætir misnotkun og hindrað er að það komist úr aðstöðunum með blekkingum, hótunum, kúgun eða annarri ólögumatri nauðung.

Einu sinni hafa menn verið fundnir sekir hér á landi fyrir mansalsglæp. Fimm Litháar voru dæmdir í Hæstarétti 16. júní 2010 til að greiða 19 ára gamalli litháskri

stúlkunni, sem var send til Íslands til að stunda vændi, eina milljón króna í bætur.

Gediminas Lisauskas var dæmdur í fimm ára fangelsi en Hæstiréttur taldi hann hafa átt ríkastan þátt í því að flytja stúlkuna til Íslands. Darius Tomasevskis, Deividas Sarapinas, Sarunas Urniezius og Tadas Jasnauskas voru dæmdir í fjögurra ára fangelsi hver.

Í dómi Hæstaréttar segir að mennirnir hefðu unnið saman að því að svipta unga konu, sem mátti sín lítils, frelsi til að ráða ferðum sínum og dvalarstað í þeim tilgangi að láta hana leggja stund á vændi hér á landi. Þessi háttsemi hafi greinilega verið þaulskipulögð með einbeittum ásetningi í samstarfi við brotamenn erlendis.

til kynlífsiðnaðar, þar sem konur eru oftast en ekki neyddar í vændi. Fullyrt er í gögnum UNODC að kynlífsiðnaðurinn á heimsvísu sé nátengdur skipulagðri glæpastarfsemi af ýmsu tagi, þar sem skipulögð glæpasamtök reka

strippklúbba samhliða annarri starfsemi.

Hroðalegt ofbeldi

Verstu birtingarmyndir mansalsins eru svo hrikalegar að það er „erfitt að færa þær í orð“ eins

og orðrétt segir í skýrslu UNODC. Fórnarlömbin eru í 66 prósentum tilvika ungar konur og í 13 prósentum tilvika stúlkur. Mansalsglæpir beinast því í um 80 prósentum tilvika gegn konum og stúlkum. Stúlkurnar eru oft seldar

milli landa, slitnar frá ástvinum, í nánast ómurlegar aðstæður eyndar og nauðgana. Einkenni þeirra kvenna sem eru fórnarlömb eru oft erfið í rannsókn þar sem sjálfsmýnd fórnarlamba er brotin og upplifun þeirra af aðstöðum oft víðs fjarri því sem blasir við rannsakendum. Þannig átta fórnarlömbin sig ekki á því hversu illa er fyrir þeim komið, fyrr en þau eru alfarið komin úr aðstöðunum og undir handleiðslu heilbrigðisstarfsfólks. Inn í þetta spilar síðan mikil neysla lyfja og áfengis, og löng vera í húsnæði sem er í slæmu ásigkomulagi. Veruleiki mansalsfórnarlamba er því oftast en ekki nóturlegur og litadur af hroðalegu ofbeldi.

Óttinn verður

UNODC segir ótta fórnarlamba vera eitt það versta sem rannsakendur glími við þegar kemur að því að uppræta glæpi. Þau séu afar treg við að gefa upplýsingar og vantroysti þeim sem komi að rannsóknum. Ekki síst af þessum sökum sé erfitt að rekja málin til enda, sem gerir söfnun gagna sem hægt er að byggja mögulegar málsóknir á erfiða.

Jákvæð merki

UNODC segir að jákvæð merki séu á lofti þegar kemur að rannsóknum á þessum glæpum. Einkum er vitundarvakning á síðustu árum sem hafi hreyft við gangi rannsókna, og styrkt réttarvörslukerfi. Flest aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafi nú byggt upp lágmarksþekkingu á eðli mansalsglæpa, umfangi þeirra og einkennum. Með áframhaldandi vinnu og upplýsingasöfnun geti Sameinuðu þjóðirnar barist sameiginlega gegn þessum vágesti í samfélagi manna.



VILDARBÖRN ICELANDAIR

FERÐASTYRKIR VILDARBARNA ICELANDAIR:
UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 1. SEPTEMBER

Styrkir verða veittir til barna á aldrinum 6–16 ára

Úthlutað verður úr sjóðnum fyrsta vetrardag, 27. október 2012.
Umsækjendur sem hafa ekki fengið úthlutað úr sjóðnum áður ganga fyrir.
Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is

Leggðu þitt af mörkum til Vildarbarna með Icelandair

Farðu á vildarborn.is og sjáðu hvernig þú getur hjálpað börnum að fara í draumaferðina sína.

+ Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is



Vildarbörn Icelandair

ICELANDAIR 



Dýrindis náttúra og sjávarfang

Á **Dalvík** og í næsta nágrenni er margt að sjá. Svæðið er rómað fyrir fagra náttúru, stútfullt af merkilegri sögu og svo er Fiskidagurinn mikli á næsta leiti. Fréttablaðið heldur áfram för um landið.

1. Höfuðstaðurinn

Dalvík er helsti þéttbýlisstaðurinn í sveitarfélaginu Dalvíkurbyggð, sem varð til þegar þrjú sveitarfélög austan við Eyjafjörð sameinuðust í eitt: Dalvíkurbær, Svarfaðardalshreppur og Árskógshreppur. Alls búa um 1.900 manns í sveitarfélaginu, þar af um 1.500 á Dalvík. Sjávarútvegur er lífæð samfélagsins, auk iðnaðar- og matvælafyrirtækja. Mjólkurframleiðsla er helsta lífsviðurværi bænda í Svarfaðardal og á Árskógsströnd en ferðamennska verður stöðugt þýðingarmeiri búgrein.

2. Norður fyrir heimskautsbaug

Frá Dalvíkurbyggð er hægt að komast í Grímsey og Hrísey. Grímseyjarferjan Sæfari siglir frá Dalvík þrjú daga í viku. Grímsey er græn og gjöful eyja og vinsæll áningarstaður ferðamanna sem vilja stíga norður fyrir heimskautsbauginn sem liggur í gegnum eyjuna. Góð sundlaug er í Grímsey og handverkskonur í eyinni reka handverkshúsið Gallerí sól sem er opið á ferjudögum yfir sumarmánuðina.

3. Litli unaðshnappurinn

Á Árskógsandi er ferjuhöfn fyrir Hríseyjarferjuna Sævar, en Hrí-


sey er næststærsta eyja Íslands á eftir Heimaey og sú næstfjölmenntasta, en þar búa um 200 manns. Á eyinni er hægt að fara í gönguferðir, taka þátt í vagnferð með traktor með leiðsögn, skoða hákarlasafnið í húsi Hákarla Jörundar eða bara njóta friðsældarinnar. „Hrísey er snipur Íslands,“ hefur Hallgrímur Helgason rithöfundur sagt; lítill unaðshnappur í miðjum Eyjafirði sem býr yfir magnaðri orku.

4. Á Sturlungaslóð

Hauganes liggur við hliðina á Árskógsandi og er syðsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins. Þar búa innan við 200 manns sem hafa flestir atvinnu af veiðum og fiskvinnslu. Á Hauganesi var háð ein mesta orrusta Sturlungaaldar þegar Sturlungar undir forystu Þórðar kakala börðust við Ásbirninga sem Brandur Kolbeinsson stýrði.

5. Kjörlendi göngufólks

Svarfaðardalur þykir mörgum einn fegursti dalur landsins í byggð enda er hann umkringdur mikilfenglegum fjöllum. Um tíu kílómetra frá sjó klofnar hann og nefnist eystri dalurinn Skíðadalur. Fjöldi afdala gengur út af aðaldölunum og víða má þar



finna smájökla. Þeirra stærstur er Gljúfurárjökull fyrir botni Skíðadals. Svarfaðardalur er sannkölluð paradís útivistarfólks. Fjöldmargar gönguleiðir og fornir fjallvegir liggja úr Svarfaðardal

og Skíðadal til næstu byggðarlaga. Þekktasti fjallvegurinn er Heljardalsheiði.

6. Kaldi á Árskógsströnd

Á Árskógsströnd er Bruggverk-

smiðjan ehf. til húsa en hún framleiðir meðal annars hinn vinsæla bjór Kaldi. Bruggverksmiðjan tekur á móti gestum gegn gjaldi en þanta þarf tíma með fyrirvara.

Menntaskólinn við Hamrahlíð

www.mh.is



STÖÐUPRÓF HAUSTIÐ 2012

Stöðupróf á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð sem hér segir:

Danska (6 einingar/10 fein*),	mán.	20. ágúst	kl. 16:00.
Enska (9 einingar/15 fein*),	mán.	20. ágúst	kl. 16:00
Franska (12 einingar/20 fein*)	fim.	16. ágúst	kl. 16:00.
Ítalska (12 einingar/20 fein*),	fim.	16. ágúst	kl. 16:00.
Norska (6 einingar/10 fein*),	mán.	20. ágúst	kl. 16:00.
Spænska (12 einingar/20 fein*),	fim.	16. ágúst	kl. 16:00.
Stærðfræði	fös.	17. ágúst	kl. 16:00.

(stæ103/5 fein, stæ203/5 fein, stæ263/5 fein)

Sænska (6 einingar/10 fein*),	mán.	20. ágúst	kl. 16:00.
Þýska (12 einingar/20 fein*),	fim.	16. ágúst	kl. 16:00.

*hámarks einingafjöldi sem hægt er að ná, frá og með fyrsta afdanga á framhaldsskólastigi.

Rafræn skráning í stöðupróf fer fram á heimasíðu skólans <http://www.mh.is>. Frekari upplýsingar á skrifstofu skólans í síma 595-5200 eftir 12. ágúst. Sýna þarf persónuskilríki með mynd í prófinu.

Próf gjald, kr. 8000 fyrir hvert próf, ber að greiða inn á reikning Menntaskólans við Hamrahlíð í banka 323 hb 26 nr 106, kt. 460269-3509. Greiðslufrestur er til hádegis á prófdegi, nauðsynlegt er að fram komi nafn og kennitala próftaka. Réttur til próftöku byggist á að prófgjald hafi verið greitt.

Skráning í stöðupróf sem haldin verða 13. september 2012 hefst í lok ágúst. Prófað verður í albönsku, bosnisku, eistnesku, filípisku, finnsku, grísku, hollensku, japönsku, kínversku, króatísku, litháísku, portúgölsku, pólsku, rússnesku, serbnesku, slóvensku, tailensku, tékknesku, tyrknesku, ungversku, úkraínsku og vietnömsku verða haldin. Skráning í þau próf hefst í lok ágúst.

Rektor.

FISK Á HVERN DISK



Fiskidagurinn mikli, hin árlega bæjarhátíð á Dalvík, verður haldinn 9. til 12. ágúst. Sjálfur Fiskidagurinn verður laugardaginn 11. ágúst en hann er ávallt haldinn fyrsta laugardag eftir verslunarmannahelgi. Fiskidagurinn mikli er ein allra

vinsælasta bæjarhátíð landsins en þar bjóða fiskverkendur og fleiri framtakssamir í byggðarlaginu gestum upp á dýrindis fiskrétti. Matseðillinn breytist ár frá ári en vissir réttir sem þykja ómissandi eru þó ávallt á sínum stað, til dæmis

fiskborgarar sem grillaðir eru á lengsta grilli landsins. Kvöldið fyrir Fiskidaginn bjóða íbúar byggðarlagins gestum og gangandi upp á fiskisúpu í heimahúsum og gördum. Þá er boðið upp á fjölbreytta skemmtidagskrá alla hátíðina.

BYLGJULESTIN

Bylgjulestin verður á ferðinni í sumar eins og undanfarin sumar. Næsti áfangastaður er Dalvík eftir viku en þar verður vaktin staðin á Húnavöku. Hemmi Gunn er lestarstjóri Bylgjulestarinnar og honum

við hlið er hin fjöruga Svansí. Þau stýra þættinum Ævintýraeyjunninni á Bylgjunni á laugardögum milli kl. 13 og 16 en á þessu sinni hrekkur lestin í gang þegar á föstudeginum. Í Bylgjulestinni er hljóðnemum

beint að fólkinu sem býr í bæjunum, fólkinu sem er að ferðast um landið og kikir í heimsókn og reynt að koma stemningunni til allra hinna sem eiga ekki heiman-gengt.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

FORNLEIFAR Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR

Boðið verður upp á leiðsögn um fornleifauppgröft á Alþingisreitnum á sunnudag. Lagt verður upp frá Aðalstræti 16 klukkan 14. Farið verður í fylgd með fornleifafræðingi sem starfar við uppgröftinn og mun hann segja frá gangi mála.



Heillandi Indland og Nepal



17 daga ferð sem sameinar hinn klassíska Gullna Þríhyrning, hið heilaga Ganghes fljót og fegurð Nepal. Íslensk fararstjórn.

Ævintýraferð um framandi lönd með litríkt þjóðlíf, stórkostlegan arkitektúr og ótrúlega náttúruferð. Sérvalin glæsihótel og matur sem kítar bragðlaukana. Leiðin liggur um Delí, Jaipur, Agra, Varanasi, Kathmandu og Pokhara.

Ferð skipulögð af kunnáttufólki sem þekkir vel til.

Nánari upplýsingar og bókanir í síma 555 4700 og á www.sunnuferdir.is



ÚR METROPOLITAN Í MOSFELLSBÆ

Í SUMARFRÍI Á ÍSLANDI Dísella Lárusdóttir sópransöngkona er búsett í New York þar sem hún starfar við hina virtu Metropolitan-óperu. Hún á tvær vikur eftir af sumarfríinu á Íslandi og ætlar að nýta þær í faðmi fjölskyldunnar auk þess sem hún og systur hennar ætla að halda tónleika saman í Mosfellsbæ.

Dísella Lárusdóttir er búin að vera á Íslandi í sumar og nýtur þess að verja tíma með fjölskyldunni. Verslunarmannahelgin er hins vegar óráðin enn. „Ég er ekki alveg búin að ákveða mig. Planið var að kíkja á Selfoss og koma svo heim í megaveislu til Ingibjargar systur,“ segir Dísella og bætir við: „Okkur systrunum finnst svo hrikalega gaman að hittast og elda saman. Þá setjum við tónlist í gang, opnum vínflösku og dundum okkur við eldamennsku í nokkra klukkutíma og þá er mikið grín og gaman.“

Dísella segir þær systur hafa haft lítinn tíma til að hittast í sumar sökum anna. „Ég er búin að ferðast út um allt land. Ég var í Skálholti, á Siglufirði, Akureyri og Húsavík. Það er kominn tími til að vera bara heima, slaka á og njóta síðustu stundanna í Reykjavík áður en ég held aftur út í brjálæðið í New York.“

NÓG AÐ GERA Í NEW YORK

Þegar Dísella kemur aftur til New York tekur við löng vinnutörn. Hún er vara- maður í tveimur uppfærslum fyrir áramót, annars vegar La Clemenza di

Tito eftir Mozart og hins vegar Ástar- drykknum, sem Íslendingar þekka hana einnig úr. Þótt hún sé varamaður þarf hún að mæta á allar æfingar, standa sig vel og vera tilbúin til að stökkva inn í hvenær sem er meðan á sýningum stendur. „Svo fæ ég smá pásu um jólin, kem heim, syng með Frostrósum og hitti fjölskylduna á ný,“ segir Dísella brosandi. „Eftir áramót fæ ég svo debut-hlutverkið mitt í Metropolitan-óperunni. Það þýðir að ég verð alltaf hluti af sýningunni og með minn eigin varamann,“ segir hún og hlær. Hlutverkið er Garsenda í óperunni Francesca da Rimini eftir Zandonai.

„Það er æðislegt að hafa mikið að gera,“ segir Dísella en segist þó oft hugsa heim. „Metropolitan-óperan var alltaf draumurinn en ég væri svo sem alveg til í að hún væri staðsett einhvers staðar á Skólavörðuholtinu bara. Það væri mjög hentugt,“ segir hún og skellir upp úr. „En þetta er frábær reynsla og svo kemur bara í ljós hversu lengi maður endist þarna aleinn í New York. Mig langar til dæmis mikið til að senda strákinn minn í skóla á Íslandi.“ Draumurinn um Metropolitan rættist en hver er þá næsti

SÖNGELSKAR SYSTUR

Systurnar Dísella, Ingibjörg og Þórunn Lárusdóttur hafa tónlistina í blóðinu og finnst fátt skemmtilegra en að syngja og hlæja saman. Hér eru þær ásamt börnunum sínum Önnu Maríu, Bjarti Lárusi og Kötlu.

MYND/STEFÁN

TÍMARITID SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN

Upplifun um verslunarmannahelgina á Selfossi



Ljósmynda- og plöntusýning 4. og 5. ágúst kl. 14:00 - 18:00 í Fosshéiði 1, Selfossi



Hjartanlega velkomin

Vandað og áhugavert lífsstímarit um allt sem við kemur gerðyrkjum og sumariáslífi. Blaðið kemur út fimm sinnum á ári og er uppfyllt af fróðleik og skemmtilegu lesni.

Áskrift í síma 578-4800 og á www.rit.is
Áskrift í eitt ár kostar kr. 4.780 sé greitt með greiðslukorti. Þrjú eldri blöð fylgja með.



ÚTSALA

allt að 60% afsláttur

Lokað laugardag & mánudag
Vefverslun er opin alla helgina

Sendum frítt úr vefverslun

Lin
DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

ÞÉTT DAGSKRÁ UM BARNAHELGI

FJÖLSKYLDUVAENT Nú um helgina verður haldin í fyrsta skipti hátíðin Barnahelgi í Vatnsfirði. Þar verður meðal annars boðið upp á sögustundir, náttúruskoðun fyrir börn, ratleik og lautarferð. Hægt er að gista á tjaldsvæðinu við Hótel Flókalund.

Dagskrá Barnahelgar í Vatnsfirði hófst í gær með náttúruskoðun. „Það verður þéttskrifuð dagskrá hjá okkur í dag fyrir fjölskylduna í heild og líka fyrir krakkana sem geta komið einir og sér á víska atburði,“ segir Linda Guðmundsdóttir, landvörður á sunnanverðum Vestfjörðum og skipuleggjandi hátíðarinnar.

Hún segir hugmyndina með hátíðinni vera þá að hvetja fólk til að staldra við í friðlandinu í Vatnsfirði. „Það eru margir sem koma og gista og halda svo áfram til dæmis á Rauðasand eða Látrabjarg eftir eina nótt. Fólk stoppar á tjaldsvæðinu hjá okkur en fer ekkert út fyrir það. Það er svo margt að sjá og hægt að gera í friðlandinu. Fjölskyldur geta komið og séð allar fallegu perlurnar og fræðst betur um svæðið.“

Vatnsfjörður er friðlýst svæði. Með friðlýsingunni er verið að reyna að vernda náttúruna og dýralífið en líka að fá fólk til að koma og njóta náttúrunnar og svæðisins. „Þetta er svolítið falið svæði, rólegt og kyrrlátt og mjög fallegt. Það eru ekki margir sem leggja leið sína hingað en þeir sem koma koma yfirleitt á hverju ári. Við hvetjum þá sem

eru nú þegar á svæðinu eða á ferðinni í kring að koma og taka þátt í dagskránni. Við vonumst líka til að heima-fólk og fólk af sunnanverðum Vestfjörðum verði duglegt að mæta.“

Hátíðin er stíluð inn á fjölskyldur og er engin skipulögð dagskrá á kvöldin. „Við erum bara með sérstaka barnadagskrá en ekki með neitt sérstakt skipulagt fyrir fullorðna fólk. Tilgangurinn með þessari hátíð er að reyna að opna og kynna umhverfið, söguna og jarðfræðina fyrir krökkunum á skemmtilegan hátt. Hægt er að gista á tjaldsvæðinu við Hótel Flókalund og þar er allt til alls, heitar sturtur, veitingastaður, kaffihús, sundlaug og fjörupottur,“ segir Linda.

Um miðjan dag í dag verður sögustund við Gíslahelli en Gísli Súrsson útlagi er talinn hafa falið sig í helli sem er í enda fjarðarinnar. Sögð verður sagan af Gísla og fá börnin að klifra ofan í Gíslahelli sem er lítil og óvistleg hola en góður felustaður. Eftir sögustundina verður haldinn ratleikur.

Á morgun verður farið í lautarferð við Lómatjörn þar sem landvörður verður á svæðinu með kík og fuglahandbók. Hann mun einnig fræða gesti um Hrafna-Flóka sem var landnámsmaður í Vatnsfirði. Þá verða einnig farnar daglegar fjölskyldugöngur í Surtarbrandsgil. ■ lilja.bjork@365.is



FRIÐLAND Vatnsfjörður við Ísa-fjarðardjúp er friðlýst svæði þar sem er mikið dýralíf og gróðursælt. Brjáns-lækur, þar sem ferjan Baldur stoppar, er í Vatnsfirði og því hentugt að keyra á Stykkishólm og taka ferjuna yfir.



Blómapottar

Mikið úrval af blómapottum í öllum stærðum og gerðum



SUMAR ÚTSALA

HEILSU DREKINN

Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekin.is

FRAMHALD AF FORSIÐU



draumur? „Ég væri til í að syngja á La Scala í Milánó. Og reyndar væri ég líka alveg til í að syngja með Bono í U2,“ segir Dísella og hlær.

ÞRÍJAR SYSTUR MEÐ TÓNLEIKA

Í vikunni ætla þær systur, Dísella, Ingibjörg og Þórunn Lárusdætur að halda tónleika saman í Hlégarði í Mosfellsbæ, nánar tiltekið næstkomandi fimmtudag. „Þetta verða léttir og skemmtilegir tónleikar. Okkur finnst svo gaman að syngja saman og spila á trompetana þannig að við ákváðum að láta af þessu verða,“ segir Dísella og bætir hlæjandi við: „Af því það var svo gríðarleg eftirspurn.“

 lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 29. júlí. Jarðsett verður frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 8. ágúst klukkan 13.00.



Ólafur Þórðarson **Sólveig Kristbjörg Vagnsdóttir**
Ragnar Pétursson
Hlín Pétursdóttir **Guðjón Rafnsson**
Amar, Elmar, Ylfa Nótt, Orri Hrafn, Jakob og Hlynur.

†
 Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
HANNA GABRIELSSON
 Kirkjulundi 8, Garðabæ,
 lést á heimili sínu sunnudaginn 29. júlí. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.



Ingólfur Helgason **Kristín Gísladóttir**
Jóhanna Ingólfssdóttir
Helgi Ingólfsson **Pálmi Kristmannsson**
Puríður Ingólfssdóttir
Ingólfur Agnar Ingólfsson
barnabörn og barnabarnabarn.

†
 Elskulegur faðir okkar,
LÁRUS JÓNASSON
 (LALLI) Á HELLU,
 lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Lundi á Hellu 29. júlí. Jarðarförin verður auglýst síðar.



Drífa Lárusdóttir
Dröfn Lárusdóttir
Órn Lárusson
Fjólá Lárusdóttir
Hrönn Lárusdóttir
Ari Lárusson
Sighvatur Lárusson



Rúnar Geimundsson **Sigurður Rúnarsson** **Elís Rúnarsson** **Þorbergur Þórðarson**

Alhliða útfararþjónusta
 Símar: 567 9110 & 893 8638
 www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.
 Stofnað 1990

Vandaðir steyptir krossar á leiði
 Falleg og varanleg minning



Hvassavík ehf. hvassavik.ehf@gmail.com
 Sími 778 0007 - www.krossar.is



GENGIÐ Í HRAUNINU Göngurnar um þjóðleiðir sem liggja að Grindavík um verslunarmannahelgina henta bæði fullorðnum og börnum. Sigrún Jónsdóttir Franklín fararstjóri brýnir þó fyrir öllum að vera vel skoðaðir, þar sem gengið verður í hrauni að miklu leyti. Þá eru þátttakendur hvattir til að taka með sér nesti.

AF STAÐ Á REYKJANESIÐ: MENNINGAR- OG SÖGUTENGÐAR GÖNGUFERÐIR

Fagna 100 ára afmæli akvegjar til Grindavíkur með gönguhátíð

Um þessar mundir er þess minnst að hundrað ár eru liðin frá því að hafist var handa við gerð akvegjar til Grindavíkur með því að ganga um gamlar þjóðleiðir við Grindavík. Byrjað var með stuttri kvöldgöngu í gærkvöld, þar sem gengið var um Járngerðarstaðahverfi, sem er gamli bæjarhluti Grindavíkur.

Það er Sigrún Jónsdóttir Franklín sem mun leiða göngufólk um hinar fornu slóðir. Sigrún er einn af leiðsögumönnum Reykjaness, en um 16 manns munu hafa útskrifast sem svæðisleiðsögumenn á Reykjanesskaga. Sjálf er hún heilluð af Reykjanessinu og segir æ fleira göngufólk vera að opna augun fyrir því. „Þarna er náttúran stórbrotin og sagan við hvert fótspor. Það er magnað að sjá hvernig gömlu þjóðleiðirnar eru



SIGRÚN JÓNSDÓTTIR FRANKLÍN

Við komum til með að sjá ýmsar búsetuminjar á göngunum.“ Gömlu þjóðleiðirnar verða gengnar að hluta. Í dag er ætlast til þess að göngumenn mæti klukkan 11 við tjaldsvæði Grindavíkur. Genginn verður hluti af Skógfellastíg, sem er gamla þjóðleiðin milli Grindavíkur og Voga. Á morgun, sunnudag, er mæting við golf-

markaðar í bergið. Í göngunum mun ég segja ýmsar þjóðsögur og sögur af lífinu eins og það var í Grindavík hér áður fyrr. Við göngum í fótspor vermannanna, sem komu víða að og fóru allir þessar gömlu þjóðleiðir.

Við komum til með að sjá ýmsar búsetuminjar á göngunum.“ Gömlu þjóðleiðirnar verða gengnar að hluta. Í dag er ætlast til þess að göngumenn mæti klukkan 11 við tjaldsvæði Grindavíkur. Genginn verður hluti af Skógfellastíg, sem er gamla þjóðleiðin milli Grindavíkur og Voga. Á morgun, sunnudag, er mæting við golf-

skálann í Grindavík, einnig klukkan 11. Þá verður genginn hluti af gömlu þjóðleiðinni milli Grindavíkur og Hafna, Prestastígur frá Húsatóftum í Eldvörp og Árnastígur til baka. Á mánudag er svo mæting við bílastæði Bláa lónsins. Þá verður gengið um hluta af gömlu þjóðleiðinni milli Grindavíkur og Njarðvíkur, Skipsstígur, og með hlíðum Þorbjarnar til baka.

Sigrún segir göngurnar henta flestum en mikilvægt sé að vera vel skoðaður. „Við erum að ganga í hrauni svo það er mikilvægt að vera í góðum skóm. Þetta er fyrir alla fjölskylduna, en göngurnar taka um 3 til 4 tímar með fræðslustoppi og nestispásam.“

Nákvæmari leiðarlýsingar og frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu Grindavíkur, www.grindavik.is.

holmfridur@frettabladid.is

Sumarkvöld með mótettukórnum

Mótettukór Hallgrímskirkju heldur léttu sumartónleika í Hallgrímskirkju á frídegi verzlunarmanna, næstkomandi mánudag 6. ágúst, klukkan 20. Kórinn flytur ástsæl og þjóðleg kórverk, öll eftir íslensk tónskáld og textahöfundar, og syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar, organista og kantors í Hallgrímskirkju. Kórinn fagnar þrjátíu ára afmæli sínu í ár, en hann varð til á haustmánuðum 1982 og hefur Hörður verið stjórnandi kórsins frá upphafi.

Efnisskrá tónleikanna samanstendur af íslenskum verkum, þjóðlegum og trúarlegum. Meðal þeirra tónskálda sem prýða efnisskrána eru Anna S. Þorvaldsdóttir,



MÓTETTUKÓRINN Mótettukór Hallgrímskirkju heldur upp á þrjátíu ára afmæli sitt í ár.

Bára Grímsdóttir, Gunnsteinn Ólafsson, Hjálmar H. Ragnarsson, Jón Leifs, Jón Nordal, Smári Ólason,

Tryggvi M. Baldvinsson og Þorkell Sigurbjörnsson. Miðasala fer fram í Hallgrímskirkju eða í síma 510 1000.

†
 Við þökkum innilega auðsýnda samúð, vináttu og aðstoð við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, stjúpfaður, tengdaföður, bróður og afa,
BJÖRGVINS SMÁRA JÓNATANSSONAR
 Klettaborg 14, Akureyri,



Svava Halldóra Ásgeirsdóttir
Sindri Smárasón
Silva Rannveig Smáradóttir
Ásgeir Hjartarson
Sif Hjartardóttir
systkini og afabörn.

Unnur Jónsdóttir

†
 Innilegar þakkar fyrir auðsýndan hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,
KRISTBJARGAR HRÓLFSDÓTTUR
 Þjórsártúni.



Guð blessi ykkur öll.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Valgerður Ölvisdóttir
Lilja Ölvisdóttir
Kristjana Ingibjörg Ölvisdóttir
Karl Ölvisson
Guðrún Gyða Ölvisdóttir
Hrólfur Ölvisson

Gunnar Snorrason
Emil Kristófersson
Jón Ármann Sigurðsson
Jóhanna Hilmarsdóttir
Guðmundur Unnar Agnarsson
Irma Sjöfn Óskarsdóttir

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 04. ágúst 2012

→ Tónleikar

21.00 Söngkonan Jussanam da Silva heldur tónleika með Agnari Má Magnússyni í Nýheimum á Höfn.

→ Sýningar

14.00 Sigurbjörg Einisdóttir, Sibba, opnar sýningu í Art 67 á Laugavegi 67. Allir velkomnir.

15.00 Brynhildur Kristinsdóttir og Laufey Margrét Pálsdóttir opna sýninguna sína „Ég var“ í Mjólkrubúðinni í Listagilinu á Akureyri.

16.00 Sýningin Að heiman opnar í Bergstaðarstræti 4 (á móti Kaffibarnum). Myndlistarmennirnir sem að henni koma eru frá Suður Kóreu og Íslandi.

→ Tónlist

12.00 Hinn virti þýski konsertorganisti Willibald Guggenmos frá St. Gallen í Sviss heldur orgelveislu í Hallgrímskirkju.

15.00 Trío Björns Thoroddsen spilar á jazztónleikaröð á veitingastaðnum Munnhórnunni í tónlistarhúsinu Hörpu. Aðgangur er ókeypis.

16.00 Útiskemmtun verður haldin á Þjóðháttíðinni í Obladal Frakkastíg 8. Hljómsveitirnar Bítladrengirnir blíðu, Bíóbandið, Gæðablóð og Hljómsveit Magnúsar Einarssonar spila. Kynnir er Steinn Ármann Magnússon og aðgangur er ókeypis.

21.00 Geirmundur Valtýsson spilar ásamt hljómsveit á Gamla Gauknum, Tryggvagötu 20. Aftur til fortíðar verð er á ballíð og kostar aðeins 750 krónur. Aldurstakmark er 20 ára.

22.00 GRM, Gylfi Rúnar og Megas, skemmta á Café Rosenberg.

23.00 Sveitaball með hljómsveitinni Úlfunum verður haldið á Þjóðháttíðinni í Obladal, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

23.00 Hjalmar spila á tónleikum á Græna Hattinum á Akureyri. Miðaverð er kr. 2.500.

Sunnudagur 05. ágúst 2012

→ Opið Hús

13.00 Bærinn Krókur á Garðaholti í Garðabæ er opin á sunnudögum í sumar. Krókur er lítill bárujárnsklæddur burstabær sem var endurbýggður úr torfbæ árið 1923. Hann er staðsettur ská á móti samkomuhúsinu á Garðaholti og stutt frá Garðakirkju. Aðgangur er ókeypis.

→ Kvikmyndir

20.00 Nýjar eistneskar stuttmyndir verða sýndar í aðalsal Skaftafells, miðstöðvar myndlistar á Austurlandi. Aðgangur er ókeypis.

→ Uppákomur

13.00 Árbæjarsafnið efnir til Ólympíuleika á safninu. Skemmtileg dagskrá og allir velkomnir.

14.00 Leiðsögn verður um fornleifaupgröftinn á Alþingisreitnum. Lagt er upp frá Landnáms-sýningunni Reykjavík 871+/2 í Aðalstræti 16.

→ Tónlist

16.00 Hákon Bjarnason flytur verk eftir Beet-hoven og Schumann á stofutónleikum Gljúfra-steins. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

16.00 Útiskemmtun verður haldin á Þjóðhá-

tíðinni í Obladal Frakkastíg 8. Heimavarnarliðið skemmtir sér og öðrum með söng og hljóðfærslætti. Kynnir er Steinn Ármann Magnússon. Aðgangur er ókeypis.

16.00 Gunnhildur Daðadóttir fiðluleikari og Pia Eva Greiner sellóleikari halda tónleika í Selinu á Stokkalæk.

17.00 Hinn virti þýski konsertorganisti Willibald Guggenmos frá St. Gallen í Sviss heldur orgelveislu í Hallgrímskirkju.

23.00 Braví bitlarnir leika á tónleikum á Græna Hattinum á Akureyri. Miðaverð er kr. 2.000.

Mánudagur 06. ágúst 2012

→ Uppákomur

13.00 Árbæjarsafnið efnir til Ólympíuleika á safninu. Skemmtileg dagskrá og allir velkomnir.

→ Tónlist

16.00 Andrea Jónsdóttir spilar lög af hljómpötum á Þjóðháttíð í Obladal, Frakkastíg 8.

Þriðjudagur 07. ágúst 2012

→ Tónlist

20.30 Sólrún Bragadóttir sópransöngkona og Anna Málfriður Sigurðardóttir pianóleikari spila á Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

→ Leiðsögn

12.10 Boðið er upp á hádegisleiðsögn í Listasafni Íslands.

ÞETTA GERDIST: 4. ÁGÚST 1796

Hannes biskup ber beinin

Hannes Finnsson Skálholtsbiskup andaðist á þessum degi árið 1796.

Hannes fæddist í Reykholti í Borgarfirði 8. maí árið 1739, sonur prestshjónanna þar, séra Finns Jónssonar, sem síðar varð biskup í Skálholti, og Guðríðar Gísladóttur.

Hannes útskrifaðist sextán ára úr Skálholtsskóla 1755 og hélt um sumarið til guðfræðináms við Hafnarháskóla. Embættispróf í guðfræði tók hann 1763. Á þeim tólf árum, sem Hannes dvaldist samfleytt í Kaupmannahöfn, kynntist hann mörgum helstu fræðimönnum Danmerkur.

Hannes sneri heim í Skálholt til aðstoðar föður sínum við ýmis fræðistörf árið 1767. Hann hélt aftur til Kaupmannahafnar

1770 og dvaldi þar næstu árin við störf í íslenskum fræðum.

Hannes var vígður aðstoðarbiskup til Skálholts 1777. Finnur lét af embætti árið 1785 og var Hannes þá einn biskup. Árið áður höfðu Suðurlandsskjálftar lagt Skálholtsstað meira og minna í rúst og átti að flytja biskupsstólinn til Reykjavíkur. Hannes keypti þá Skálholtsstað og fékk að sitja þar áfram sem hann og gerði til æviloka.

Hannes dó hinn 4. ágúst 1796 í Skálholti eftir skyndileg veikindi. Á síðustu æviárunum skrifaði hann tvö merkustu rit sín: Um mannfækkun af hallærum á Íslandi og Kvöldvökur.



+

Hjartans þakkir til hinna fjölmörgu, sem auðsýndu okkur samúð vegna fráfalls okkar ástkæra

**SIGFÚSAR AUSTFJÖRD
HALLDÓRUSONAR**

og heiðruðu minningu hans á margvíslegan hátt. Stuðningur ykkar og vinsemi eru ómetanleg.

Halldóra P. Halldórsdóttir Baldur F. Sigfússon
Örn Baldursson Bergþóra Njála Guðmundsdóttir
Anna Helga E. Baldursdóttir Kári Sigurðsson



+

Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og bróðir,

BJÖRN H. BJÖRNSSON
vélvirki,
Þingholtsstræti 8a, Reykjavík,

lést á Landspítalanum v/Hringbraut miðvikudaginn 1. ágúst sl. Jarðaförin fer fram í kyrrþey. Alúðarþakki til starfsfólks Landspítalans sem hlúði að honum í veikindum hans.

Helena B. Björnsdóttir Pórarinn K. Ólafsson
Leó Örn Þórarinnsson
Aðalheiður Björnsdóttir
Hrafnhildur Björnsdóttir
Guðmundur Einarsson



+

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

AUÐUR PÉTURSDÓTTIR
Mýrarási 3, Reykjavík,

lést á deild 11E á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 30. júlí. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju í Reykjavík fimmtudaginn 9. ágúst kl. 13.00.

Ríkharður Sverrisson
Pétur Kristmanns Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir
Ríkharður B. Ríkharðsson
Margrét Ríkharðsdóttir
Guðlaugur Geir Kristmanns
Ríkharður Kristmanns



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir amma og langamma,

GUÐNÝ MARGRÉT MAGNÚSDÓTTIR
hjúkrunarkona,
Einilundi 8F, Akureyri,

lést á lyfjadeild FSA að kveldi 1. ágúst.

Ólöf Vala Valgarðsdóttir
Jónína Valgarðsdóttir
Margrét Ýr Valgarðsdóttir
Sigurður P. Sigfússon
Magnús Bragi Gunnlaugsson
ömmubörn og langömmubörn.



+

Innilegar þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför,

**VIGDÍSAR JÚLÍÖNU
BJÖRNSDÓTTUR**
Strandgötu 89, Eskifirði.

Edda Björnsdóttir
Helga Björnsdóttir
Hlynur Halldórsson
Hilmar Hilmarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR
DÚNNA,
Lækjasmára 4, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 26. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 8. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Sumardvöl fatlaðra í Reykjadal, kt. 630269-0249, banki 549-26-10.

Halldór Ólafsson
Inga Ólafsdóttir
Sigrún Ólafsdóttir
Omar Örn Ólafsson
Gunnar Ólafsson
Ólafur Jóhann Ólafsson
Gyða Þórisdóttir
Guðmundur Jónsson
Guðmundur Ingi Ásmundsson
Sigurbjörg Alda Guðmundsdóttir
Brynhildur Ásgeirsdóttir
Sigríður Einarsdóttir
barnabörn og langömmubörn.



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SÓLVEIG KRISTJÁNSDÓTTIR
áður til heimilis að Nökkvavogi 42,
Reykjavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks miðvikudaginn 1. ágúst sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Páll K. Gunnarsson
Guðmundur Gunnarsson
Sigurður D. Gunnarsson
Oddur Gunnarsson
Esther Þórgrímsdóttir
Bjarna Didriksen
Anna S. Gunnarsdóttir
Áslaug Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



+

Ástkær móðir okkar, amma og langamma,

JÓNA VESTMANN
Grandavegi 11, Reykjavík,

andaðist á gjörgæsludeild Landspítalans miðvikudaginn 2. ágúst. Útför verður auglýst síðar.

Emil Emilsson
Ellen Vestmann Emilsdóttir
Adam Vestmann
Gústav Aron Gústavsson
Margrét Vala Steinarsdóttir
Eva Sól Adamsdóttir



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

+

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**BRANDDÍS INGIBJÖRG
GUÐMUNDSDÓTTIR**
frá Bæ,
til heimilis að Hjallabraut 33,

er lést 25. júlí, verður jarðsöngin frá Víðistaðakirkju föstudaginn 10. ágúst kl. 13.00.

Guðmundur Grétar Bjarnason
Elías Bjarni Guðmundsson
Gunnar Ingi Guðmundsson
Margrét Ólöf Guðmundsdóttir
og langömmubörn.

Guðný S. Elíasdóttir
Sigríður M. Þorfinnsdóttir
Dýrleif Ólafsdóttir
Harald Helgheim



+

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

RANNEVEIG HELGADÓTTIR
frá Gvendarstöðum,
er bjó að Grettisgötu 36b
en síðast til heimilis á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni,

er látin. Útförin verður gerð frá Grafarvogskirkju kl. 15.00 föstudaginn 10. ágúst.

Ásgeir Harðarson
Katrín Björk Baldvinsdóttir
Rúnar Ingi Ásgeirsson
Ranneveig Iðunn Ásgeirsdóttir
Brynhildur Ásgeirsdóttir
Halldór Þorri Ásgeirsson
Ragnar Smári Ásgeirsson
og barnabarnabörn.

Elísabet Magnúsdóttir
Eyþór Már Bjarnason
Eva Björk Ásgeirsdóttir



+

Ástkær faðir minn og bróðir okkar,

INGÓLFUR PÁLSSON

lést þriðjudaginn 31. júlí. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 14. ágúst kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Rúnar Páll Gígja Ingólfsson
og systkini hins látna.





EXPLORER KIDS UNDERWATER er nýr íslenskur leikur fyrir iPad. Í leiknum kynnumst við Eddu og Thor sem ferðast um neðansjávar og þurfa meðal annars hjálp við að púsla saman ýmsum furðufiskum sem þau hitta þar. Leikurinn er gerður fyrir krakka á aldrinum tveggja til fjögurra ára, en krakkar á öllum aldri geta þó skemmt sér við að spila hann.

Konráð og félagar á ferð og flugi

Teikningar og texti Bragi Halldórsson

3

Á grasflöt sem þau félagarnir gengu fram á voru víða hvítar breiður af einhverjum litlum blómum. „Forvitnilegt væri að vita hvaða blóm þetta er,“ sagði Konráð. „Til hvers?“ spurði Kata. „Þarftu alltaf að vita hvað allt heitir, má þetta ekki bara vera þarna?“ Kata var bersýnilega ekki sínu besta skapi í dag. „Ég er kannski bara svona fróðleiksfús,“ sagði Konráð.

Getur þú hjálpað Konráði? Veist þú hvað þetta blóm heitir? Er þetta:

A. Hvítmári
B. Smjörblóm
D. Vallhumall



Freyja Fannarsdóttir og hinir krakkarnir í skrímslasmiðjunni voru í óða önn að skreyta veifur þegar ljósmyndari og blaðamaður Fréttablaðsins litu við á Óðinstorgi.

SKRÍMSLASMIÐJA OG GLEÐI Á ÓÐINSTORGI

Hópur krakka hefur undanfarið tekið þátt í skrímslasmiðju við Óðinstorg og aðstoðað við að breyta því í notalegt útisvæði þar sem allir, stórir og smáir, eru hvattir til að dóla sér. Freyja Fannarsdóttir, tíu ára, er ein þeirra sem tóku þátt.

Undanfarna daga hefur hópur hressra krakka tekið þátt í svokallaðri skrímslasmiðju á Óðinstorgi. Hópur fólks hefur tekið svæðið í fóstur og ákveðið að breyta því í vistlegan og notalegan stað. Þar sem einu sinni var lítið við að vera er nú hægt að rúlla sér í nýju grasi, tylla sér á trjástóla við bekki í barnastærð, róla sér í stærðarinnar rólubekk og fleira. Freyja Fannarsdóttir, sem er tíu ára, er ein þeirra sem tekið hefur þátt í smiðjunni og segist hafa gert margt skemmtilegt. „Þau sem hafa verið að gera þetta vildu líka að krakkar notuðu svæðið og þess vegna fengu þau krakka til að koma og gera ýmislegt. Við erum til dæmis búin að gera svona veifur sem verða

hengdar hérna upp. Síðan töluðum við við konuna sem bjó til þessa mynd þarna á veggnum,“ segir Freyja og bendir á nýtt

„Petta eru skrímsli sem voru einu sinni fólk. Það er hægt að sjá fótsporin þeirra hérna á götunum.“

vegglistaverk Ránar Flyngenring. „Við vorum að ræða um hvað við héldum að væri á myndinni. Þetta eru sko skrímsli, sem voru

einu sinni fólk. Það er líka hægt að sjá fótsporin þeirra hérna á götunum,“ segir hún.

Á torginu eru líka tvö beð með jurtum í og á öðru þeirra stendur skrifað á fallega skreyttu skilti „samfélagsbeð“. Hvað er það? „Allir sem vilja mega koma með eitthvað úr garðinum sínum og planta í þetta beð. Það er ýmislegt komið í það, til dæmis kartöflur. Svo eru í hinu beðinu kryddjurtir sem allir mega fá sér að smakka af.“

Freyja á heima nálægt Óðinstorgi og er handviss um að hún eigi eftir að heimsækja staðinn oft. „Mér finnst þetta alveg frábær staður,“ segir hún, áður en hún stekkur af stað í næsta verkefni.

BRANDARAKISTAN

Einu sinni voru tveir vinir sem hétu Enginn og Haltu kjafti. Enginn hoppaði út um gluggann og vinur hans hringdi í Neyðarlínuna:

-Halló, Enginn hoppaði út um gluggann!
-Já, og hvað með það?
-Halló! Heyrirðu ekki í mér? Enginn hoppaði út um gluggann!
-Já, ég heyrði í þér, og hvað með það? Ég má ekki vera að því að svara svona símtölum!
-Nei, þú skilur ekki, Enginn hoppaði út um gluggann!!!

-Heyrðu þetta er brot gegn lögum. Ég get handtekið þig fyrir þetta! Hvað heitir þú?
-Haltu kjafti.

Stína var að spjalla við stærðfræðikennarann sinn:
-Hundurinn minn kann að reikna!
-Nei, það getur ekki verið.
-Jú! Ég spurði hann hvað fimm mínus fimm væri og hann sagði ekki neitt!

Hafið þið heyrt um vitavörðinn? Hann var algjör hálfviti.

Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.

Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísu ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugum ára.

Bókaormur vikunnar

Hvað heitir þú fullu nafni? Gylfi Huginn Harðarson.

Hvað ertu gamall? Ég er 8 ára.

Lestu mikið? Já, ég les mjög mikið bæði heima og í skólanum.

Hvenær lærðir þú að lesa? Í skólanum í Danmörku.

Hvað er skemmtilegt við að lesa bækur? Þegar textinn verður spennandi og þegar eitt-hvað myndi gerist.

Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér? Selurinn Snorri, mamma og pabbi lásu hana oft fyrir mig.

Hvers lags bækur þykja þér skemmtilegastar? Ævintýrabækur og þær bækur sem ég les í skólanum.

Hvaða bók lastu síðast og hvernig var hún? Benjamín dúfa, Jóhann vinur minn gaf mér hana í afmælisgjöf.

Í hvaða hverfi býrð þú? Laugarneshverfinu.

Í hvaða skóla gengur þú? Laugarnesskóla. Ég fer í 3-L í haust.

Hvaða námsgrein er skemmtilegust? Stærðfræði er skemmtilegust og líka lestur.

Hver eru þín helstu áhugamál? Körfubolti, sund, að veiða og leika við vini mína.

Nýtt rakakerfi fyrir ávexti og grænmeti



FORSÖÐNIR MAÍSSTÖNGLAR, 2 STK. Í PK.

448 KR./PK.



ÍSLENSKIR KONFEKT-TÓMATAR Í LAUSU

998 KR./KG



PLÓMUR Í ÖSKJU

399 KR./PK.



25% afsláttur

UNGNAUTA RIB EYE

3547 KR./KG

~~4729~~



NÓATÚN

Við gerum meira fyrir þig

Opið alla verslunarmanna-helgina!

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT
LAMBALÆRI HEÐMERKUR-KRYDDAÐ

1399 KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI
BESTIR Í KJÖTI

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT
FYLTLAR GRÍSALUNDIR

2548 KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI
BESTIR Í KJÖTI

HAUST HAFRAKEX, 225 G

245 KR./PK.

LÁTTU ÞAÐ EFTIR ÞÉR!

LAY'S SNAKK, 4 TEGUNDIR, 175 G

339 KR./PK.

BURN BLUE REFRESH, 500 ML

299 KR./STK.

100% NAUTAKJÖT!

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT
UNGNAUTA HAMBORGARI, 90 G

169 KR./STK.

ÚR KJÖTBORÐI
BESTIR Í KJÖTI

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT
LAMBALÆRIS-SNEIÐAR

20% afsláttur

1598 KR./KG

~~1998~~

ÚR KJÖTBORÐI
BESTIR Í KJÖTI

BLÁLÖNGU-STEIK M/ SÍTRÓNUSMJÖRI

1598 KR./KG

ÚR FISKBORÐI
FERSKIR Í FISKI

LJUFFENGUR EFTIRRETTUR!

20% afsláttur

TÍRAMÍSÚ TVENNA 2 X 110 G

439 KR./PK.

~~549~~

TILVALIÐ Í ÚTILEGUNA!

COKE FERÐAFÉLAGINN, 12 X 33 CL

998 KR./PK.

Opið til miðnættis alla daga

8-24

OPIÐ ALLA VERSLUNARMANNAHELGINA

NÓATÚN

Hamraborg - Nóatún 17 - Hringbraut - Austurvegur - Grafarholt

EXPO - www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/óða myndabrengl.

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. samtök, 6. skammstöfun, 8. kæla, 9. blóðhlaup, 11. fyrir hönd, 12. tregða, 14. tárfeildi, 16. nafnorð, 17. sarg, 18. veitt eftirför, 20. pfn., 21. drulla.

LÓÐRÉTT

1. tilraunaupptaka, 3. golf áhald, 4. tré, 5. skip, 7. hafgúa, 10. magur, 13. eru, 15. kk nafn, 16. tangi, 19. í röð.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. stef, 6. eh, 8. ísa, 9. mar, 11. p, 12. ófýsl, 14. grætu, 16. no, 17. urg, 18. elt, 20. ég, 21. saur.
LÓÐRÉTT: 1. demó, 3. tí, 4. esprít, 5. far, 7. hafgöla, 10. ryr, 13. séu, 15. uggi, 16. nes, 19. tu.

Vonir og væntingar

BAKPANKAR
Brynhildar
Björnsdóttur

Það var á Bindindismótinu í Galtalæk 1986 sem Greifarnir léku lagið Útihátíð í fyrsta sinn um verslunarmannahelgi og meitluðu í tón um eilífð stemninguna þessa fyrstu helgi í ágúst, sem er jafnframt síðasta helgi í sumarleyfi hjá mörgum og stærsta ferða-, útihátíða- og áfengisneysluhelgi ársins hjá öllum, að minnsta kosti að meðaltali. Ég man þetta af því þetta var mín fyrsta og síðasta útihátíð. Síðan hef ég reynt að eyða verslunarmannahelgum, sem og flestum öðrum dögum ársins, í tæri við kranavatn, heitt og kalt, útveggi og kaffivélur og ekki innan um of margt fólk. En það er bara ég og ég fagna þeim sem streymdu út úr bæjum og borgum í gær á hátíðasvæði eða sumarbústaði og vona að þeir skemmti sér vel.



PEGAR sumarið kemur með sínar björtu nætur í júníbyrjun eru væntingar miklar eftir langan vetur. Skemmtun á að vera meiri en áður hefur þekkt, ástin að blómstra og lífið ýmist að byrja eða halda áfram. Um verslunarmannahelgi er sumrinu að ljúka, nætur teknar að dökkna og síðustu forvöð að kreista gefin loford út úr sumrinu. Inn í þessa þrjá daga á að koma svo mörg-

um upplifunum að afar hægt er að svelgjast á. Meira áfengi er keypt en fyrir allar aðrar helgar og drukkið hratt og hressilega svo fljóti út um eyru og nef og grillkjötkeðjuhátíð við hvert tjald og hjólhýsi á hverju kvöldi, karnaval marinerinnar og holulambins. Sólin, fríð og áhyggjuleysið kvatt með einni hressilegri flugeldasýningu áður en alvara haustsins tekur við. Uppi á palli, inni í tjaldi, úti í fljóti...

SJÁLÞ ætla ég að vera heima. Ég ætla að njóta sólríkra morgna á svölunum með undursamlegan kaffibolla eða þrjú og fylgjast með þróstunum tína ber af trjánum í fríði og spekt frá köttum hverfisins sem ná ekki upp á toppinn heldur verða að láta sér nægja að mæna löngunaraugum upp í greinarnar. Ég ætla að njóta þagnarinnar frá kyrrum gördum og fjarverandi fólki. Ég ætla að hjóla mann- og bíllausar göturnar miðjar, dansa hægfare og tignarlegt konga niður auðan Laugavegin og leika hafmeyju ein í Laugardalslauginni. Ég ætla að klappa öllum dýrunum í Húsdýragarðinum og prófa öll tækin. Alls staðar næg ókeypis bílastæði. Brynhildur var ein í heiminum. Allir aðrir voru út úr bænum.

Í raunveruleikanum verð ég sennilega í Kolaportinu að berjast við túrista um síðasta harðfiskpakkann. En vonandi skemmtum við okkur vel.

myndasögur

Pondus

Þú stóðst þig vel í dag, Jó! Er gott að vera kominn aftur á milli markstanganna?

Frábært! Markvarðarstaðan er MÍN! Aðeins mín!

Damn right! Sérstaklega eftir að Þór-Pedro tilkynnti um brottför sína yfir til FC Sprungu!

Jú, jú ...

Þó hann sé orðinn tileygður og slefi svolítið fengum við samt 6 kaffipoka og krús af vöfludeigi fyrir hann!

Annað félagsmet! Bless him!

Anyways ... það er eitthvað huggandi við að fá þig aftur í mark. Líkt og allt sé á sínum stað í alheiminum!

Njóttu! Við erum á uppleið núna, mate!




Eftir Frode Overli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

Barnalán



Eftir Kirkman/Scott

BYLGJAN
ER MEÐ ÞÉR UM
VERSLUNARMANNAHELGINA

BYLGJAN

Fyrir austan, vestan, norðan og sunnan. Í bílnum, tjaldinu og heima!

Á FERÐINI
UM LANDIÐ

VIÐ VERÐUM ÚT UM ALLT

og í beinu sambandi við íslenska tónlistarmenn og skemmtikrafta.

LÉTTUR LEIKUR MEÐ TAL

– 3G inneignir og Samsung Galaxy S3 í verðlaun.

BREKKUSÖNGURINN á þjóðhátíð í beinni á sunnudagskvöld.

HAFÐU BYLGJUNA MEÐ ALLA HELGINA og skemmtu þér vel – með góðu 3G Tal-sambandi í símann getur þú hlustað nær hvar sem er!

BYLGJAN NÆST UM NÆR ALLT
LAND Á FM TÍÐNINI

Kort með öllum sendum Bylgjunnar um landið má finna á www.bylgjan.is Í flestum bílum má stilla á RDS og tækið finnur næsta sendi sjálfkrafa.

FRÉTTIR, VEÐUR OG VEGA-
UPPLÝSINGAR ALLA HELGINA

Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar er á vaktinni alla helgina og dagskrárgerðarmenn færa nauðsynlegar fréttir af veðri og umferð.

Hemmi Gunn, Ivar og Ásgeir Páll byrja fjórið eftir kvöldfréttir föstudag. Simmi og Jóí verða í Eyjum og fagna 5 ára afmæli þáttarins á laugardagsmorgun. Hemmi og Ásgeir Páll gera allt vitlaust eftir hádegi og Siggí Hlò klikkar ekki síðdegis á laugardag. Bjarni Ara í loftinu eftir hádegi sunnudag og mánudag. Partívakt öll kvöld. Ásgeir Páll fylgir öllum heilum heim síðdegis á mánudag.

TAL

BYLGJAN
989

BRJÁLAÐ VERÐ

ALLT FYRIR HELGINA Í HÚSASMÍÐJUNNI

Afgreiðslutími um Verslunarmannahelgina

Laugardagur 4. ágúst
opið í öllum verslunum nema
í Vestmannaeyjum er lokað.

Sunnudagur 5. ágúst
opið í Skútuvogi 12-17 (Blómaval lokað)
allar aðrar verslanir lokaðar.

Mánudagur 6. ágúst
allar verslanir lokaðar



PALLAOLÍA
3. lítr
1.995 kr.

Pallaolía
Á gagnvarið efni.
7049123



GORI
VIÐARVÖRN
**20%
AFSLÁTTUR**

RIGA TVEGGJA MANNA TJALD

Stærð 200 x 140 x 100
Vnr. 3000410

2.490 kr.

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR

Moscow SVEFNPOKI

0,95 kg 6° C
Vnr. 3000421

1.390 kr.

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR

GARÐHÚSGÖGN
**20-40%
AFSLÁTTUR!**

Hattar

Vnr. 4301097

999 kr.

Áður: 1.499 kr.

Sandalar

Vnr. 5861121

4.325 kr.

Áður: 6.179 kr.

KÆLIBOX

24 lítr

1.393 kr.

Áður: 1.990 kr.

SUMAR
BÚSÁHÖLD
**60%
AFSLÁTTUR**

SUMARBLÓM OG TRJÁPLÖNTUR

ENN MEIRI
AFSLÁTTUR!

50-70%

blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

STÆRSTA MYND ÁRSINS

★★★★★ MBL
★★★★★ SEÐ OG HEYRT
★★★★★ KVIKMYNDIR.IS
★★★★★ HOLLYWOOD REPORTER

THE DARK KNIGHT RISES

BRAVE
Frá höfundum Toy Story 3, Leitinn að Nemó og UPP Stórkostleg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna

MAGIC MIKE
Frá höfundum Toy Story 3, Leitinn að Nemó og UPP Stórkostleg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna

ÁLFABAKKA

DARK KNIGHT RISES kl. 7-4:30-5:30-6-8-9-10-10:20	2D	12	BRAVE kl. 3:50 forsynd sun. og Mán.	3D	12
DARK KNIGHT RISES VIP kl. 2 - 6 - 10	2D	12	DARK KNIGHT RISES 1:40 - 3:50(LAU) -	3D	12
BRAVE M/Ísl.Tal kl. 2 forsynd sun. og Mán.	3D	12	4:50 - 5:50 - 7 - 8 - 9 - 10:10 - 11:10	2D	12
MAGIC MIKE kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	2D	12	TED kl. 5:40 - 10:30	2D	12
DREAMHOUSE kl. 8	2D	12	MAGIC MIKE kl. 8	2D	12
MADAGASCAR 3 Ísl.Tal kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	2D	12	ÍSÖLD 4 Ísl.Tal kl. 1:40	3D	12
MADAGASCAR 3 Ísl.Tal kl. 1:30 - 3:40	3D	12	ÍSÖLD 4 Ísl.Tal kl. 1:40 - 3:50	2D	12
UNDRALAND IBBA Ísl.Tal kl. 1:30	2D	12	MADAGASCAR 3 Ísl.Tal kl. 1:40 - 3:40	2D	12

AKUREYRI

BRAVE Ísl.Tal kl. 2 forsynd sun. og Mán.	3D	12	DARK KNIGHT RISES kl. 2 - 4:20-6-9-10	2D	12
Dark Knight Rises kl. 4:30 - 8 - 11:20	2D	12	BRAVE Ísl.Tal kl. 2 forsynd sun. og Mán.	3D	12
Madagascar 3 Ísl.Tal kl. 2	3D	12	MAGIC MIKE kl. 8 - 10:20	2D	12
Undraland Ibba Ísl.Tal kl. 2 - 4	2D	12	MADAGASCAR 3 Ísl.Tal kl. 1:30 - 3:40	2D	12
LOL kl. 6	2D	12	MADAGASCAR 3 Ísl.Tal Sínd Lau. kl. 2	3D	12
Dream House kl. 8 - 10:20	2D	12	LOL kl. 5:50	2D	12

SELFOSSI

THE DARK KNIGHT RISES kl. 4 - 6 - 8 - 10	2D	12	THE DARK KNIGHT RISES kl. 7 - 10:20	2D	12
DREAMHOUSE kl. 11:15	2D	12	BRAVE Ísl.Tal kl. 5 forsynd sun. og Mán	3D	12
UNDRALAND IBBA kl. 4	2D	12	ÍSÖLD 3 Ísl.Tal kl. 3 (lau) - 5	3D	12
			DREAMHOUSE kl. 8 - 10	2D	12
			LOL kl. 6	2D	12
			UNDRALAND IBBA Ísl.Tal kl. 4	2D	12

KEFLAVÍK

THE DARK KNIGHT RISES kl. 7 - 10:20	2D	12			
BRAVE Ísl.Tal kl. 5 forsynd sun. og Mán	3D	12			
ÍSÖLD 3 Ísl.Tal kl. 3 (lau) - 5	3D	12			
DREAMHOUSE kl. 8 - 10	2D	12			
LOL kl. 6	2D	12			
UNDRALAND IBBA Ísl.Tal kl. 4	2D	12			

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSNÚGULU / BIÓUGLSYNGUM
SAMBÍÓ KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSNÚGULT

Aldrei lognmolla í Twilight-heimi

Nú hefur öllu starfsfólki fjórðu Twilight-myndarinnar, Breaking Dawn, verið bannað að tjá sig svo mikið sem með einu orði um framhjáald Kristen Stewart. Bannið var sett á í kjölfar afar saklausra ummæla leikkonunnar Christian Serratos þar sem hún sagðist í viðtali ekki hafa áhyggjur af því að framhjáaldi myndi hafa áhrif á miðasölu myndarinnar, sem kemur út í nóvember. Christian þessi leikur vinkonu Bellu, Angelu Weber, í myndunum.

Kristen er afar illa liðin meðal aðdáenda Twilight og Robert Pattinson um þessar mundir en frami hennar virðist þó ekki ætla að taka mikinn skell í kjölfar framhjáaldsins. Samkvæmt tímaritinu Vulture landaði hún nýlega aðalhlutverkinu í kvikmynd eftir sögu William Styron frá 1951, Lie Down in Darkness. Þar á hún að hafa haft betur en Hunger Games-stjarnan Jennifer Lawrence í baráttunni um hlutverk Payton Loftis, ungrar konu sem þráir ekkert heitar en að flýja erfitt líf sitt og fjölskyldu.

Framhaldsmynd um ævintýri Mjallhvítar er

þó í lausu lofti eftir að eiginkona Rupert Sanders, leikstjóra myndarinnar og viðhalds Kstew gaf honum skýr fyrirmæli um að vilji hann bjarga hjónabandinu megi hann aldrei aftur vinna með leikkonunni.

Á meðan á öllu þessu gengur hefur Pattinson hægt um sig á sveitasetri vinkonu sinnar úr myndinni Water for Elephants, Reese Witherspoon, í Kaliforníu. Hvort mótleikkona hans úr myndinni Remember Me, Emilie de Ravin, hafi heimsótt hann er óvitað, en stjórnláus afbrýðisemi Kristen út í vinskap þeirra er sögð hafa verið kveikjan að framhjáaldi hennar.

- trs



ÖFUND-SJÚK Kstew er sögð hafa verið öfundsjúk út í vinasamband Robs og Emilie.



NÝTT PAR John Mayer og Katy Perry hafa farið á nokkur stefnumót í Hollywood.

NORDICPHOTOS/GETTY

Fóru saman á stefnumót

Söngkonan Katy Perry og söngvarinn John Mayer sáu stund saman í annað sinn á fimmtudagskvöldið. Það sást fyrst haldast í hendur á veitingastaðnum Soho House í Hollywood í lok júlí.

Mayer og Perry áttu sitt annað stefnumót á veitingastaðnum Pace í Los Angeles og héldu þaðan til Chateau Marmont-hótelisins þar sem þau sátu fram eftir kvöldi. Síðustu fréttir af ástamálum Perry voru þær að hún átti í sambandi við Robert Ackroyd, gítarleikara hljómsveitarinnar Florence and the Machine. Mayer virðist þó almennt nokkuð hrifinn af söngkonu því hann átti áður í sambandi við Taylor Swift og Jessicu Simpson auk þess sem hann var lengi með leikkonunni Jennifer Aniston.

SMÁRABÍÓ GLEAUGU SELD SÉR 5%
HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIDÍ.S 5%

BRAVE FORSYNING KL. 3.30 (ATH: SUN. & MÁN.) L

DARK KNIGHT RISES KL. 1 (TILBOÐ) - 4.30 - 5.30 - 8 - 9 - 11.30 10

DARK KNIGHT RISES LÚXUS KL. 1 - 4.30 - 8 - 11.30

ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 - 5.40 L

ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL KL. 1 (TILB.) - 3.20 (LAU) 3.50 (SUN)

TED KL. 8 - 10.20 12

SPIDER-MAN 3D KL. 1 (TILB.) - 5 (LAU) - 8 - 10.50

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

SMÁRABÍÓ GLEAUGU SELD SÉR 5%
HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIDÍ.S 5%

BRAVE FORSYNING KL. 3.30 (ATH: SUN. & MÁN.) L

DARK KNIGHT RISES KL. 1 (TILBOÐ) - 4.30 - 5.30 - 8 - 9 - 11.30 10

DARK KNIGHT RISES LÚXUS KL. 1 - 4.30 - 8 - 11.30

ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 - 5.40 L

ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL KL. 1 (TILB.) - 3.20 (LAU) 3.50 (SUN)

TED KL. 8 - 10.20 12

SPIDER-MAN 3D KL. 1 (TILB.) - 5 (LAU) - 8 - 10.50

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR - MÁNUDAGUR

SMÁRABÍÓ midi.is

THE DARK KNIGHT	KL. 1 (TILBOÐ)	10
ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL	KL. 1 (TILBOÐ)	L
ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL	KL. 1 (TILBOÐ)	L
SPIDER-MAN	KL. 1 (TILBOÐ)	10

HÁSKÓLABÍÓ midi.is

ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL	KL. 3 (TILBOÐ)	L
SPIDER-MAN 3D	KL. 3 (TILBOÐ)	10
INTOUCHABLES	KL. 3 (TILBOÐ)	12

TILBOÐSBÍÓ

FORSYNINGAR UM HELGINA TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS

★★★★★ - Miami Herald
★★★★★ - Time Entertainment
★★★★★ - Rolling Stone
★★★★★ - Guardian

Frá höfundum Toy Story 3, Leitinn að Nemó og UPP Stórkostleg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna

Sýnd með íslensku og ensku tali - sýnd í 2D og 3D

Sími: 553 2075 - bara lúxus

Ódýrt í bíó

ÍSÖLD 4 HEIMSALFUHOPI SÝND Í 2D OG 3D TILBOÐ KL. 2

MADAGASCAR 3 EFTIRLEYST Í EVROPU TILBOÐ KL. 2

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

BÍÓ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

HEILANDI SAGA UM ÞRJAR KYNSLÓDIR KVENNA Í EINU OG SAMÁ HÚSINU.

HEIMSFUMSÝNING! Frábær sálfræðitrillur í anda The Sixth Sense

LAUGARDAGUR, SUNNUDAGUR OG MÁNUDAGUR: STARS ABOVE 18:00, 20:00, 22:00 ■ **RED LIGHTS** 17:40, 20:00, 22:20 ■ **BERNIE** 17:50, 20:00 ■ **COOL CUTS: 101 REYKJAVÍK** 18:00 ■ **COOL CUTS: WHEN THE RAVEN FLIES** 20:00 ■ **COOL CUTS: HEIMA SIGUR RÓS** 22:00 ■ **BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS)** 22:00

8. ÁGÚST: HRAFNHILDUR OG TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS!
SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRÍ BORGARA.

STARS ABOVE **RED LIGHTS**

midí.is LAUGARAS BÍÓ 5%
www.laugarasbio.is - bara lúxus sími 553 2075

Miðasala og nánari upplýsingar

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

Sýningartímar, laugardag	DARK KNIGHT RISES 3.50, 7, 10.20(P)
KILLER JOE	8, 10.20
ÍSÖLD 4: HEIMSALFUHOPI	2, 4, 6 - 3D
ÍSÖLD 4: HEIMSALFUHOPI	2 - 2D
INTOUCHABLES ISL TEXTI	3.50, 6, 8, 10.20
MADAGASCAR 3 3D	2

Sýningartímar, sunnudag og mánudag

DARK KNIGHT RISES	4, 7, 10.20(P)
KILLER JOE	8, 10.20
BRAVE - FORSYNING	4 - 3D
ÍSÖLD 4: HEIMSALFUHOPI	2 - 3D
ÍSÖLD 4: HEIMSALFUHOPI	2 - 2D
INTOUCHABLES - ISL TEXTI	4, 6, 8, 10.20
MADAGASCAR 3 3D	2

SKÓSPRENGJA

OPIÐ UM HELGUNA

ásamt öðrum
tilboðum

50% - 90%

laugardag
milli kl. 11 og 16

sunnudag
milli kl. 13 og 17

AFSLÁTTUR

VÖRUR FRÁ:

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

eCCO
Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Nýtt kortatímabil

 Þú finnur okkur á:
facebook

..... Toppskórin Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109



ÓÐINN BJÖRN ÞORSTEINSSON hafnaði í 36. sæti af 40 keppendum í kúluvarpskeppni karla á Ólympíuleikunum í gær. Óðinn Björn var langt frá sínu besta. Lengsta kast hans mældist 17.62 metrar en hann á best 20.22 metra frá því í apríl. Það kast tryggði honum þátttökuréttinn á leikana.



PORMÓÐUR JÓNSSON Svektur í lok glímunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Pormóður Jónsson:

Mætti ofjarli sínum í London

ÓL 2012 Pormóður Jónsson féll úr leik í 32-manna úrslitum í +100 kg flokki í júdo á Ólympíuleikunum í London í gær. Hann tapaði fyrir Rafael Silva frá Brasilú sem er í þriðja sæti heimslistans og ríkjandi Ameríkumeistari í greininni.

Silva náði að skella Þormóði eftir eina mínútu og 48 sekúndur og vann þar með fullnaðarsigur. „Ég var ekki orðinn þreyttur,“ sagði Þormóður. „Hann er bara hraustur og góður maður sem erfitt er að eiga við. Það er engin tilviljun að hann sé númer þrjú í heiminum.“

Silva tapaði reyndar í fjórðungsúrslitum en fékk uppreisnarglímu sem hann vann. Silva komst þar með í bronsglímu sem hann vann.

Teddy Riner frá Frakklandi fékk gull en hann hefur verið nánast ósigrandi í þessum þyngdarflokki undanfarið ár. - esá



SARAH BLAKE Náði bestum árangri sundfólksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sundkeppninni lauk í gær:

Hársbreidd frá undanúrslitum

ÓL 2012 Það var nóg um að vera hjá íslenska sundfólkinu á loka-degi sundkeppninnar á Ólympíuleikunum í London. Sarah Blake Bateman var aðeins hársbreidd frá því að komast í undanúrslit í 50 m skriðsundi en hún hafnaði í 16.-18. sæti og þurfti að fara í bráðabana. Þar tapaði hún fyrir breskri stúlku. Árangurinn er þó hennar besti á Ólympíuleikum nokkru sinni og einn sá besti hjá íslenskri sundkonu frá upphafi.

Aðeins átta mínútur fyrir sundið synti Sarah ásamt íslensku boðsveitinni í 4x100 m fjórsundi. „Kannski hafði það meiri áhrif á hugarfarið en líkamann. Ég vil þó alls ekki skella skuldinni á boðsundið,“ sagði Sarah.

Boðsundsveitin endaði í 15. sæti og var nálægt Íslandsmetinu í greininni. Eygló Ósk Gústafsdóttir bætti hins vegar Íslandsmetið í 100 m baksundi þegar hún synti fyrsta sprettinn í boðsundinu á 1:01,74 mínútum.

Þá keppti Anton Sveinn McKee í 1500 m skriðsundi og var tveimur sekúndum frá Íslandsmeti sínu. Hann hafnaði í 25. sæti. - esá

Íslendingar á **ÓL 2012**

SUNNUDAGINN 5. ÁGÚST

08.00: 50 m frjáls skammbýssa

Ásgeir Sigurgeirsson

Synti þrátt fyrir beinbrot

Ákveðið var að láta Hrafnhildi Lúthersdóttur keppa á Ólympíuleikunum þrátt fyrir að hún hefði verið með brotið bein í olnboga. „Hefði ég sent hana heim er ég ekki viss um að hún hefði farið á næstu leika,“ sagði landsliðsþjálfarinn.

ÓL 2012 Hrafnhildur Lúthersdóttir keppti á Ólympíuleikunum í London þrátt fyrir að hafa verið með brotið bein í olnboga. Þetta staðfesti Jacky Pellerin, landsliðsþjálfari í sundi, við Fréttablaðið í gær.

„Hrafnhildur rann til í Canet í Frakklandi, þar sem við vorum í æfingabúðum, á síðasta degi okkar þar áður en við komum hingað út. Þetta var bara slys – heimskulegt slys,“ segir Pellerin. Hann stóð þá frammi fyrir þeirri ákvörðun að senda hana heim eða láta hana keppa. Síðari kosturinn var valinn.

„Það var ekki auðveld ákvörðun. Ef ég hefði tekið hana út hefði boðsundið farið út líka. Við höfðum samráð við Órnólf Valdimarsson, læknir í fagteymi ÍSÍ hér úti, og ákváðum að því loknu að taka hana með á leikana.“

Góður árangur miðað við meiðslin

Hrafnhildur þurfti að draga sig úr keppni í 100m bringusundi en tók samt þátt í 200m bringusundi sem og boðsundinu. Hún var tveimur og hálfri sekúndu frá meti sínu í fyrri greininni en var við sitt besta í boðsundinu í gær.

„Ég ræddi þetta við liðið fyrir leikana og sagði að það væri fullvíst að Hrafnhildur yrði

ekki í hundrað prósent formi – að hún myndi ekki ná frábærum tímum en að hún myndi gera sitt besta.“

Pellerin segist hafa verið reiðubúinn að taka ábyrgð á því að láta beinbrotinn keppanda taka þátt á Ólympíuleikum. „Þetta var mín ákvörðun. Ef ég hefði sent hana heim er ég ekki viss um að hún hefði farið á næstu Ólympíuleika.“

Ég varð mjög reiður

Hrafnhildur náði B-lágmarki fyrir leikana í Peking fyrir fjórum árum en með lakari tíma en Erla Dögg Haraldsdóttir, sem fór á leikana þá. „Þessi síðustu fjögur ár hefur Hrafnhildur æft mjög mikið fyrir leikana í London. Það hefði kannski verið auðvelt fyrir mig að skipta henni út en ég stend við mína ákvörðun. Þetta var gert svo að hún gæti öðlast reynslu.“

Pellerin viðurkennir að hann hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum þegar hann frétti af slysinu. „Ég varð mjög reiður. En slysin gerast og Hrafnhildur veit núna að hún þarf að passa sérstaklega vel upp á sig svo stuttu fyrir Ólympíuleika.“

Eiríkur Stefán Ásgeirsson og Valgarður Gíslason

fjalla um ÓL 2012 eirikur@frettabladid.is - valli@frettabladid.is



Svo náði hún mjög góðum árangri, sérstaklega miðað við meiðslin,“ segir Pellerin og bætir við: „Í mínum augum er allt okkar sundfólk hetjur. En Hrafnhildur gerði eitthvað mjög sérstakt á þessum Ólympíuleikum.“

Eitthvað brotnaði í Kobba

Jacky Pellerin, landsliðsþjálfari í sundi, segist hafa skilið vel reiði Jakobs Jóhanns Sveinssonar eftir keppni í 100m bringusundi fyrir viku.

Jakob Jóhann var harðorður í viðtölum eftir sundið og sagðist hafa æft vitlaust fyrir leikana. Baðst hann síðar afsökunar á ummælunum og að hann hefði ekki ætlað að gagnrýna þjálfara sinn.

„Ég þekki Kobba það vel að ég veit að hann var að hugsa um sig og engan annan þegar hann sagði þetta,“ sagði Pellerin. „Við ræddum samt lengi saman eftir þetta og ég sagði honum að hann gæti ekki látið svona lagað frá sér.“

Pellerin segir að Jakob hafi þurft að glíma við margs konar mótlæti í ár auk fráfalls norska sundmannsins Alexanders Dale Oen á vormánuðum. „Það brotnaði eitthvað í Kobba þegar hann féll frá. Eftir það hefur hann ekki verið samur. Hann þarf að vinna í sínum málum en ég held að hann verði sterkari eftir það.“

Jacky Pellerin, landsliðsþjálfari í sundi, er ánægður með heildarárangur íslenska sundfólksins í London:

Við verðum enn betri í Ríó eftir fjögur ár

ÓL 2012 Allir sjö keppendur Íslands í sundi hafa nú lokið keppni á Ólympíuleikunum í London. Niðurstaðan veldur mörgum vonbrigðum en aðeins féllu tvö Íslandsmet og enginn komst upp úr sínum riðli í undanrásunum. Samt sem áður er Jacky Pellerin landsliðsþjálfari ánægður með niðurstöðuna og lofaði frammistöðu íslenska sundhópsins.

„Auðvitað er enn verk að vinna og nokkur atriði sem ég varð fyrir vonbrigðum með. En það eru mikil gæði í sundheiminum í dag og margar litlar þjóðir að ná betri og betri árangri. Ísland er ein af þeim þjóðum,“ sagði hann. „Stærsta vandamálið sem við erum að glíma við eru fjármálin. Við þurfum meiri peninga í reksturinn til að geta gert enn betur.“

Íslenska sundfólkið hefur allt verið að æfa með það fyrir augum að toppa á Ólympíuleikum. Sundfólkið setti mörg ný Íslandsmet á tímabilinu sem nú er að líða og því kann það að hljóma illa að aðeins tvö skyldu svo falla á sjálfum leikunum.

„Fólk verður að skilja að sundmenn ná yfirleitt sínum bestu



MÆTA TIL LEIKS Fyrsta sundsveit Íslands í sögu Ólympíuleikanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GOLLI

tímum um síðdegi eða að kvöldi til. Það höfum við verið að gera á Íslandsmeistaramótinu og öðrum mótum sem við höfum keppt á á tímabilinu,“ sagði Pellerin.

„Í sundheiminum höfum við tvö viðmið – morgunsund og síðdegisund. Allir náðu sínum besta morguntíma á leikunum og er það fyrir mig sem þjálfara afar mikilvægur áfangi,“ bætti hann við. Hann segir vissulega mögulegt fyrir sundmenn

að æfa þannig að þeir geti líka náð sínu besta að morgni til. En það sé ekki allt og sumt sem þurfi til.

„Það þarf reynslu. Það er ekkert grín að vera á stærsta íþróttamóti heims, í sundhöll þar sem sautján þúsund manns eru að öskra á þig og milljónir að fylgjast með í sjónvarpi. Ég hvet alla til að reyna að setja sig í þessi spor því það er gríðarlega mikil pressa á manni við þessar aðstæður.“



ARNÓR ATLASON Er meiddur á hné og óvissa er um framhaldið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mæta Frakklandi í dag:

Arnór er tæpur

HANDBOLTI Ísland mætir Frakklandi í mikilvægum leik á Ólympíuleikunum í dag en líklegt er að sigurvegari leiksins muni enda í efsta sæti A-riðils og mæta því liðinu sem endar í fjórða sæti B-riðils í fjórðungsúrslitum keppninnar.

Strákarnir okkar hafa unnið fyrstu þrjá leiki sína í London sem er sögulegur árangur. Hins vegar bástur þær fregnir úr hópnum í gær að Arnór Atlason glímdi við hnémeiðslu.

„Arnór verður prófaður í kvöld og ég bind vonir við að hann verði í lagi,“ sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari í gær. „Hann varð fyrir hnjaski í leiknum gegn Svíþjóð og gat ekki komið aftur inn á eftir það. Það kemur fyrst í ljós á morgun [í dag] hvort og hversu mikið hann getur spilað. Að öðru leyti vil ég ekki tjá mig mikið um málið því ég hef ekki nægilega miklar upplýsingar til þess.“

Frakkar eiga eitt besta handboltalandslið sögunnar og eru vitanlega ríkjandi Ólympíumeistarar eftir að hafa unnið Ísland í úrslitaleiknum í Peking fyrir fjórum árum. En Guðmundur er sannfærður um að liðið geti unnið Frakka nú.

„Ég tel að við séum með lausnir gegn þeirra varnarleik, sem er gríðarlega sterkur. Við þurfum svo sjálfir að standa vörn gegn þeim og það hefur oft reynst þrautin þyngri gegn mönnum eins og Nikola Karabatic og Daniel Narcisse. Frakkar eru með frábært lið en við erum með góða leikáætlan gegn þeim,“ sagði Guðmundur. - esá

Pellerin segir nánast ómögulegt að undirbúa sig fyrir þennan þátt íþróttarinnar. „Þetta læra þau ekki af mótunum heima þar sem við erum með nokkur hundruð manns í áhorfendastúkunnunni.“

Miklar vonir voru bundnar við Eygló Ósk Gústafsdóttir enda hefur hún náð gríðarlega góðum árangri þrátt fyrir ungan aldur. Hennar besta grein er 200m baksund en hún komst ekki áfram í undanúrslit greinarinnar, þrátt fyrir að Íslandsmetstími hennar hefði dugað til þess.

„Hún var svo stressuð fyrir það sund,“ segir Pellerin. „Eygló var með tárin í augunum. Hún hafði þráð það svo heitt að komast á Ólympíuleikana til að synda 200m baksund og þangað var hún komin. Hún setti gríðarlega mikla pressu á sjálfa sig, þó svo að ég hafi hvatt hana til stillingar. En ég get ekki álasað henni eða nokkrum öðrum – þetta er bara hluti af íþróttinni.“

Hann sé því sáttur við heildar-niðurstöðuna. „Þetta var gott en við verðum enn sterkari í Ríó eftir fjögur ár.“ - esá

KFC® **Krusherers**™

Ískaldur og svalandi þeytingur

Nýtt

21
FYRIR
ALLA VIRKA
DAGA KL. 14-17

ÞYKKUR,
SVALUR OG
SJÚKLEGA
GÓÐUR!

STÓR
499

LÍTILL
349

svooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ

WWW.KFC.IS

> Lea Michele

„Ég man eftir að hafa litið upp til Barböru Streisand og hugsað; loksins, einhver með týpískt gyðinganef og hefur ekki farið í lýtaaðgerð.“

Glee stjarnan Lea og Barbara Streisand eru báðar stoltar af róttum sínum og nefi. Lea Michele leikur hina stórskemmtilegu og dramatísku Rachel í söngvæðingunum Glee á Stöð 2 í kvöld klukkan 20.10.



dagskrá

MÁNUDAGSKVÖLD

> Stöð 2 kl. 21.40

The Pillars of the Earth

Stórbróttin þáttaröð sem byggð er á metsölubók eftir Ken Follet og fjallar um hatramma valda-baráttu, ástir og átök í Bretlandi á þrettándu öld. Follett styðst við sögulegar staðreyndir í sögunni og spinnur í kringum þær magnaða sögu þar sem konungurinn þarf að berjast fyrir krúnunni á viðsjárverðum tímum. Þættirnir voru tilnefndir til 7 Emmy-verðlauna og 3 Golden Globe-verðlauna.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags 06.36 Bæn 06.40 Veðurfregni
07.00 Fréttir 08.00 Morgunfréttir 08.05 Tónlist
náttúrinna: Af öðrum heimi 09.00 Fréttir 09.03
Okkar á milli 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregni
10.13 Stefnumót 11.00 Kaupmaðurinn á horninu
12.00 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregni 12.50 Dánarfregni 12.58
Umferðarútlit 13.00 Albert 14.00 Blúsarar á
færbandi 15.00 „Bonjour Mademoiselle Vigdís!“
16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Umferðarútlit
16.07 Ég veit þú kemur! 17.52 Umferðarútlit
18.00 Kvöldfréttir 18.15 Auglýsingar 18.17
Órugg vegferð þjóðarinnar 18.50 Veðurfregni
18.53 Dánarfregni 19.00 Sveiflan sem sigraði
heiminn 19.40 Grískar þjóðsögur og ævintýri
20.00 Leynifélagið 20.30 Bankað upp á 21.30
Kvöldsagan: Þrjúgasta kynslóðin 22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregni 22.10 Orð kvöldsins 22.20
Söngleikur okkar tíma 23.15 Kvika 00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

RÚV

08.00 Morgunstunden okkar
08.01 Fríðþjófur forvitni
08.24 Húrra fyrir Kela
08.47 Með afa í vasanum
09.00 ÓL2012: Frjálsar íþróttir
11.30 ÓL2012: Handbolti (Nor-
egur - Spánn (kvk))
13.00 ÓL2012: Fimleikar
15.10 ÓL2012: Handbolti (Is-
land - Bretland (kk))
17.20 Sumar í Snædal
17.50 Táknálsfréttir
18.00 Fréttir og veður
18.20 ÓL2012: Frjálsar íþróttir
21.15 Castle (18:34) (Castle)
22.00 Tíufréttir
22.25 Veðurféttir
22.30 Liðsaukinn (28:32)
(Rejseholdet) Sérsvit er send um
Danmörku og hjálpar lögreglunni að
upplýsa erfið mál.
23.30 Kvíksjá: Stuttmyndir
Kvíkmyndaskólans Sigríður
Pétursdóttir kynnr.
23.31 Ástarkveðja (Salut d'am-
ore) Ljúfsár ástarsaga eftir Ágústu
